

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1945



Úr Hvíllagötu.

REYKJAVÍK - 1945 - PRENTSMÍÐJAN ODDI H.F.

TIMBUR

og ýmsar aðrar

BYGGINGAVÖRUR

er best að kaupa hjá

STÆRSTU
TIMBURVERZLUN
LANDSINS

TIMBURVERZLUNIN
VÖLUNDUR H.F.

REYKJAVÍK

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1945

REYKJAVÍK - 1945 - PRENTSMIÐJAN ODDI H.F.

EFNISYFIRLIT:

Bls.

Hákon Bjarnason: <i>Gróður og menning</i>	5
Guttormur Pálsson: <i>Hallormsstaðaskógur - Fjörutíu ára friðun</i>	29
Vigfús Guðmundsson: <i>Eyðing og verndun skóga</i>	38
<i>Frá stofnun Landgræðslusjóðs</i>	46
Björn Þórðarson: <i>Græðum sárin, gjöldum fósturlaunin</i>	48
Hákon Bjarnason: „ <i>Hér eru vonar heimagættir</i> “	50
Steingrímur Steinþórsson: „ <i>Leggjum gull í lófa framtíðarinnar</i> “	54
Pálmi Hannesson: <i>Minnumst skuldar vorrar við landið</i>	57
<i>Skipulagsskrá Landgræðslusjóðs</i>	60
H. B.: <i>Ýmislegt</i>	62
Hákon Bjarnason: <i>Starf skógræktar Ríkisins 1944</i>	68
Guðmundur Marteinsson: <i>Starf Skógræktarfélags Íslands 1944</i>	78
<i>Skýrslur og reikningar skógræktarfélaganna 1944</i>	84

HÁKON BJARNASON:

GRÓÐUR OG MENNING

INNGANGUR.

Árið 1942 skrifaði ég stutta grein í rit þetta um eyðingu gróðrar hér á landi og orsakir hennar. Þóttist ég færa allgildar líkur fyrir því, að aðalorsök eyðingarinnar væri rányrkja sú, sem stunduð hefir verið frá upphafi Íslands byggðar. Mér er kunnugt um, að fjöldi manna hefir dregið þetta í efa. Meira að segja, hefir lærður búfræðingur reynt að hnekkja niðurstöðum mínum í grein, sem hann reit í Búnaðarritið. (Sjá Búnaðarrit, 56. árg., bls. 79-97 og sama rit 57. árg., bls. 163-180.) Svo mjög eru sumir menn enn haldnir af uppblásturs kenningum og volæðis hugsunarhætti 18. og 19. aldar, að þeim finnst sem óblíða veðurfars og hamfarir náttúrunnar sé aðalorsakir þess, að gróðurlendi Íslands hafi gengið og sé enn að ganga til þurrðar.

Ég er ekki í vafa um, að það gæti verið mjög fróðlegt, bæði fyrir þessa menn og raunar alla aðra, að fræðast nokkuð um, hvernig eyðing gróðrar og jarðvegar hefir hvarvetna fylgt í kjölfar menningarinnar um heim allan. Í stuttri grein er ekki unnt að gera því efni þau skil, sem æskilegt væri, en þrátt fyrir það mun vera bót að því, að skýra nokkuð frá gróðureyðingu í ýmsum löndum. Gæti það orðið til þess að færa mönnum heim sann-

inn um, að annars staðar megi rekja eyðingu jarðvegar og gróðrar til rányrkju, er tilgangi mínum náð. Læt ég afskiptalaust, hvort lesandinn að lestri loknum, haldi að Ísland hafi einhverja sérstöðu að því, er varðar eyðingu gróðrar, eða að hér gildi önnur lögmál en annars staðar.

Rit þau, sem ég styðst aðallega við, eru þessi: *H. H. Bennett: Soil Conservation, New York, 1939; Russell Lord: Behold Our Land, Boston, 1938; Carl Samuelsson: Studien über Wirkungen des Windes in den kalten und gemässigten Erdteilen, Uppsala, 126; E. Wyllie Fenton: The Influence of Sheep on the Vegetation of Hill Grazings in Scotland, Journal of Ecology, 1937.* - Ennfremur hefi ég haft undir höndum nokkurar tímaritsgreinar um þessi efni.

Amerískur rithöfundur, *Paul B. Sears*, sem mikið hefir ritað um landeyðingu, hefir sagt, að menningin lýsi sér eins og sjúkdómur á öllu umhverfinu. Með því á hann við, að þar sem maðurinn hefir hafið sig upp til einhverrar menningar, hefir hann alls staðar farið ránshendi um löndin. Áður en maðurinn fann upp á því, að nota ýmiss konar verkfæri og temja dýr, til þess að létta lífsbaráttuna var allt öðruvísi umhorfs í heimi hér en nú. Þá ríkti jafnvægi milli gróðrar og dýra. Gróðurinn breiddist tálmunarlítið um heim allan eins og skilyrði frekast leyfðu. Sterkasti gróðurinn, skógurinn, hélt öflum vinda og vatns í skefjum, skýldi veikbyggðari gróðri og veitti ótal dýrum góð lífsskilyrði. Meðan öfl vinda og vatns eru hamin, veitir gróðrinum betur í lífsbaráttunni; losni þau úr læðing, leggjast þau á sveif með eyðandi öflum og raska jafnvæginu. Dýr, sem lifðu á jurtafæðu, gátu ekki raskað jafnvægi náttúrunnar af sjálfsdáðum, því að rándýr og sjúkdómar héldu stofni þeirra innan eðlilegra takmarka, og áður en maðurinn lærði að handleika verkfæri, varð hann að hlíta sömu lögmálum og dýrin. En þegar maðurinn óx að viti og þroska, tók hann að raska jafnvægi

náttúrunnar, og þótt þúsundir ára sé liðnar frá því, að maðurinn fór sjálfur að taka eftir þessu, hefir hann samt skort alla getu til þess að hamla á móti spjöllum þeim, sem hann olli, þangað til nú á allra síðustu árum.

ASÍULÖND.

Búskaparlag manna hefir frá öndverðu verið með tvennum hætti. Er því bezt lýst í sögunni um Abel og Kain. Þegar þeir færðu guði sínum fórnir, leit hann með velþóknun á fórnir hirðingjans Abels, en akuryrkjubóndinn Kain hlaut ekki náð fyrir augum hans. Ísraelsmenn voru hirðingjar, er þessi saga gerðist, og guði sína skapa menn í sinni eigin mynd, svo sem alkunnugt er. Þess vegna tók Jahve málstað Abels, en Kain var ekki af baki dottinn. Hann reis gegn skapara sínum og drap bróður sinn. Dæmisaga þessi lýsir vel hinni óstöðvandi baráttu milli tveggja megingreina búskaparins: kvikfjárræktarinnar annars vegar og akuryrkjunnar hins vegar, sem staðið hefir frá ómuna tíð. Þessi barátta og togstreita hefir haldizt fram á síðustu aldir og á ekki hvað minnstan þátt í röskun á jafnvægi náttúrunnar.

Elztu heimildir, sem til eru um vilja manna, til þess að vernda gróður og verja jarðveg, munu vera frá Kína. Eru um 5000 ár liðin frá því, að Kínverjum var ljóst, hvað gera þurfti, til þess að firra akra eyðingu af völdum vatnsflóða og vernda frjósemi þeirra. Þeir höfðu bæði vit og vilja til þess að varna eyðingunni, en þá brast mátt til þess að hindra landskemmdir. Akuryrkjubændur Kína bjuggu á sléttum og í dölum meðfram ám og fljótum, og þeim var ljóst, að velfarnaður þeirra valt á því, að árstraumurinn væri sem jafnastur allan ársins hring, og að fljótin bæri eigi leir og sand á akra þeirra. „Fjöll, sem eydd eru skógi, missa allan jarðveg úr hlíðum,“ sögðu þeir, „og ef við eigum að hafa hemil á ám og fljótum verðum við að ráða á hálendinu.“ En það tókst þeim aldrei, því að þar bjuggu herskáir hirðingjar, er létu

hverjum degi nægja sína þjáningu og lutu hvorki boði né banni annarra. Hirðingjarnir fluttu sig til eftir því sem gróður eyddist, og þegar þrengdi að, fóru þeir oft hópum saman, rænandi og ruplandi, niður á láglendin. Stóðst þá oft fátt fyrir, því að akuryrkjubændur eru venjulega friðsamir og lítt til bardaga fallnir. Eyddust þá oft mikil lönd um stundarsakir, en mannvirki, sem gerð höfðu verið til að veita vatni á akra eða til að veita vatni frá löndum, skemmdust eða eyðilögðust með öllu.

Þótt árásir hirðingjanna væri slæmar var annað verra. Þegar gróður var eyddur á hálendinu og í hlíðum fjalla, tóku árnar að renna óreglulegar en áður. Stór hlaup komu í þær í úrkomum, en þess á milli gat vatnsmagn þeirra minnkað svo, að það varð eigi notað til áveitu. Sandur barst í leysingum yfir akurlendið og gerði það óhæft til ræktunar, en í þurrkum fauk sandurinn víðs vegar og spillti gróðri.

Slíkar skemmdir og hér hafa verið nefndar, hafa átt sér stað víðs vegar í Kína, og stór landssvæði hafa eyðzt á þenna hátt. Menn mega samt ekki ætla, að allt Kínaland sé jafn illa farið, því að landið er afar stórt. Þar eru enn víða frjósöm héruð, sem gefa ríkulega uppskeru og hafa haldið frjósemi sinni, þrátt fyrir margra alda notkun. En frjósemin hefir aðeins haldizt sökum sérstakrar nægjusemi íbúanna og natni þeirra við ræktunina. Bændur og skyldulið þeirra hafa orðið að leggja á sig ótrúlegt erfiði til þess að hafa ofan af fyrir sér. Ef við lítum á Kína sem heild, þá eru umskiptin frá fyrri tímum alveg óskapleg, og jafnvel frjósömustu héruð fara ekki varhluta af syndum feðranna, þegar illa árar,

Þegar Anna Lindbergh flaug yfir Kyrrahaf frá Ameríku til Kína fyrir um það bil 10 árum, var aðkoma hennar með undarlegum hætti. Lýsir hún því í bók, sem hún reit um þessa ferð, og farast henni orð eitthvað á þessa leið: Það voru ekki svifléttir máfar, sem heilsuðu henni og- manni hennar, er þau nálgðust landið, eins og Kol-

umbusi var fagnað, er hann kenndi lands í Ameríku. Nei, hér kom landið sjálft á móti þeim. Löngu áður en sást til lands var sjórinn litaður gulur af leir og leðju Gula fljótsins; það var jarðvegur landsins sjálfs sem kom á móti þeim. Fljótið hafði hlaupið, flæmzt yfir bakka sína, drekkt fjölda manna, eyðilaggt milljóna verðmæti og valdið uppskerubresti meðfram öllum farvegi sínum. Sumir herma, að 15 milljónir manna hafi farizt af völdum þessa eina hlaups, en það er þó ágizkun ein. Það geta alveg eins hafa verið 10 milljónir eða 20 milljónir, sem fórust. Slík hlaup og þetta eru bein afleiðing af eyðingu skóga og gróðurs í upplöndum Kína.

Saga landsins milli fljótanna Evfrat og Tigris, Mesópótamíu, er enn átakanlegri en saga Kína. Í því landi stóð menning fornaldarinnar með miklum blóma um þúsundir ára, og þar stóð vagga hinnar evrópeisku jarðræktarmenningar. Elztu heimildir, sem til eru um ríki þau, er þarna stóðu, eru um 5000 ára. Þá lágu ósar ánnar Evfrat og Tigris 300 km norðar en þeir eru nú. Svo mjög hefir strandlengjan færzt fram sakir framburðar ánnar, en það er um rúma 7 km á hverri öld að meðaltali.

Í landi þessu bjuggu Kaldear og aðrar menningarþjóðir á löngu liðnum tímum. Meðal þeirra óx og dafnaði margþætt ræktunarmenning, en hvort tveggja var: að þessar þjóðir þurftu að afla sér víðar í fjöllum beggja megin landsins og norður af því, og að aðrar þjóðir bjuggu fyrir norðan þessar þjóðir, og þær gengu líka nærri skógunum og öðrum frumgróðri. Á þessum slóðum er þurrviðrasamt mest allt árið, en úrkoma getur verið mjög mikil þegar rignir. Landbúnað varð því að stunda með áveitum frá fljótunum. Gekk þetta ágætlega á meðan framburður fljótanna var lítill, en undir eins og jarðvegur fjallshlíðanna fór að berast fram, báru árnar undir sig. Varð þá að hlaða garða meðfram ánum til þess að halda þeim í farvegum sínum, og er fram liðu stundir lágu fljótsbotnarnir víða allmiklu hærra en landið umhverfis. Áveit-

urnar þurftu því stöðugt eftirlit og örugga stjórn, því að afkoma manna valt algerlega á því, að á vissum tíma árs væri vatni veitt á. Á meðan stjórnir þjóðanna, sem þarna bjuggu, voru sterkar og öflugar var velmegun í landi, en ætti þær í erjum við nágrannana var strax hætta á, að áveiturnar væri vanræktar, en þá vofði óáran yfir. Assýríumenn og Babýlóníubúar bjuggu báðir milli fljótanna. Babýlóníumenn nær sjó, en hinir norðar í landinu. Á meðan veldi Babýlóníumanna stóð hæst, gátu þeir skákað Assýríumönnum, og þá dafnaði og óx akuryrkjan í syðri hluta landsins. En þegar Assýríumönnum fór að veita betur, tóku þeir að nota vatnið til áveitu; en þá minnkaði velmegun Babýlóníubúa. Þegar veldi Persa stóð með mestum blóma, réðu þeir einir yfir öllu landi milli fljótanna, og þá blómgaðist akuryrkja á ný á þessum slóðum; en er ríki þeirra liðaðist í sundur, smáhnignaði landbúnaðinum, áveiturnar gengu úr sér, sandur úr framburði fljótanna tók að berast víðs vegar með vindum og olli mönnum óþægindum. En langt fram eftir öldum var þó blómlegur landbúnaður á ýmsum stöðum á þessum slóðum. Kalífarnir í Bagdad höfðu mikil völd um langan aldur, en þó tókst þeim ekki, eða þeir lögðu ekki stund á, að endurbyggja landið. Nú er landið nærri allt ein sandorpin auðn. Þar, sem sumarhöll Harún al Rashids stóð inni á milli fagurra aldinlunda og skuggsælla trjáa, er nú eyðimörk ein, en höllin hans hrunin niður að grunni. Khorsabad var mikil borg fyrir æfa löngu. Hún hefir verið orpin sandi í 2600 ár, og sandskaflinn ofan á rústum hennar er 5 m þykkur. Líkt er háttað um fjölda annarra fornfrægra borga. Og það eru ekki hinar minnstu líkur til, að land þetta verði byggilegt að nýju um langt skeið, því að sandfokið er þar ógurlegt. Fyrir fáum árum var mæld hæðin, sem sandurinn fauk upp í á meðan ofsarok gekk, og reyndist hún vera 4500 metrar eða tvöföld hæð Örefajökuls.

Löndin milli hinna vestlægari Asíulanda og botns Mið-

jarðarhafs : Transjordanía, Palestína og Sýrland, voru áður fyrr mjög frjósöm. Skógar uxu þar upp á efstu brúnir fjalla, en í dölum var ágætis graslendi. Á dögum Abrahams flökkuðu Gyðingar víðs vegar um þessi lönd ásamt ýmsum öðrum þjóðflokkum, en þegar þeir höfðu tekið sér fasta búsetu í hinu fyrirheitna Kanaanslandi, tóku þeir upp akuryrkju. Framan af bjuggu þeir við mikla landþröng, og var þá beit hrossa og búfénaðar takmörkuð um skeið með lögum. Á dögum Salómons og Davíðs sigruðust þeir á nágrönnum sínum og fengu meira olnbogaráymi, og upp frá því beittu þeir geitum og sauðfé í afrétt á fjöllum. En þá voru dagar skóganna taldir. Ungviðið gat ekki komizt á legg, og þegar skógurinn hvarf, eyddist og annarr gróður, og á nokkrum öldum skemmdist landið svo, að íbúar þess flæmdust burt og dreifðust um allar jarðir, en fámennir hirðingjaflokkar hafa síðan haldizt við á þeim slóðum, þar sem eftir var einhver gróður.

Borgin Antiókía í Sýrlandi lá eitt sinn í þjóðbraut milli Asíu og Evrópu. Umhverfi hennar var mjög frjósamt og mikil ræktun hvarvetna í nágrenni hennar. Þegar bezt lét, bjuggu þar 400 þúsundir manna. Borgarbúar fullnægðu viðarþörfum sínum með því að höggva skóga í nálægum fjöllum, og þegar skriður tóku að hlaupa og vatn fór að grafa sundur jarðveg hlíðanna, hlóðu þeir upp grjóttveggi til þess að hindra eyðinguna, en ræktuðu ýmsar nýttjajurtir á stöllum. Um nokkurt skeið gaf þessi ræktun svo góða raun, að menn töldu að hvergi yrði komizt lengra í ræktun, en í hinum frjósömu hlíðum upp af Antíókíu. Þaðan komu beztu vínin, sem til voru, og þaðan flaut viðsmjörrið í stríðum straumum. Þessi dýrð stóð samt ekki lengi, því að mönnum reyndist ofraun að halda stöllum og áveitunum í lagi. Var sem enginn endir væri á því, hvað vatnið gat borið með sér af leir og grjóti yfir ræktaða landið. Og þegar undanhaldið var hafið, vegna sívaxandi afla náttúrunnar, varð



Leifarnar af sumarhöll gamals kunningja okkar úr Þúsund og einni nótt, kalífans Harúns-al-Rashids.

(H. H. Bennett, *Soil Conservation*.)

lítið um viðnám. Nú búa um 28 þúsund manns í Antíokíu, og flestir þeirra við sult og seyru, en umhverfið er gróðurlítið nema þar, sem vatn seytla fram. Fjöllin eru ber og nakin; þar eru sólbakaðar klappir, sem áður voru glymjandi skógar.

Dæmi þessi, sem nú hafa verið nefnd, eru öll úr Asíu. Mætti nefna mörg fleiri úr þeirri álfu, svo sem úr miðbiki álfunnar, þar sem hirðingjaþjóðir hafa lifað á gróðri landsins um þúsundir ára, en hér skal samt staðar numið.

MÍÐJARÐARHAFSLÖND.

Fyrsta þjóðin, sem verður á vegi okkar þegar haldið er vestur frá Antíokíu, eru Grikkir. Þeir voru upphaflega hjarðmannaðjóð, en höfðu tekið upp akuryrkju áður en sögur hófust. Land þeirra var vel gróið og frjótt. Skógar voru miklir um öll fjöll, en frjósamir dalir skárust inn í fjöllin. Varð þetta til þess, að þjóðinni fjölgaði mjög ört, og um 600 f. Kr. var landþröng orðin svo tilfinnanleg í Spörtu, að Lycurgus setti lög um landaskipan. Svipuð lög



Þessi mynd gæti verið tekin við ýmiss eyðibýli hér á landi, en hún er af uppblásnum bæjarrústum austur í Mið-Asíu.

(H. H. Bennett, Soil Conservation.)

voru einnig sett í Aþenu nokkuru síðar. Fólksfjöldinn varð brátt svo mikill, að Grikkir urðu að stofna nýlendur til þess að framleiða korn og matvöru handa íbúum landsins. Grikkir þurftu mikinn skipaflota til þess að halda uppi samgöngum við nýlendur sínar. Einu ráðstafanirnar, sem þeir gerðu til þess að vernda gróður landsins, voru þær, að þegar skógar höfðu gengið allmikið til þurrðar, bönnuðu þeir skógarhögg á ýmsum stöðum nema til skipasmíða, og á þann hátt varðveittu þeir nokkuð af skógum sínum. Höfðu þeir það fyrir sið, að helga skógi vaxin fjöll einhverjum guði til þess að fyrirbyggja rányrkju skóganna. Samt sem áður náði þetta skammt, því að í sumum nýlendunum gátu Grikkir aflað sér viðar til skipabygginga, og við það minnkaði þörfin fyrir friðun skóga heima fyrir.

Þegar nýlenduvaldi Grikkja liðaðist í sundur hlaut þjóðin að lúta annarra valdi af því, að gæði landsins voru næstum upp urin og engin skilyrði lengur til þess að skapa almenna velmegun innanlands. Nú er Grikkland að miklu leyti bert og nakið eða þakið lítilfjörlegu kjarri, upp um fjöll og hlíðar. Landbúnaður þess er í niðurníðslu, og þótt

hann geti áreiðanlega tekið framförum frá því, sem nú er, telja flestir ómögulegt, að Grikkland öðlist aftur hina fornu frjósemi. En hún er enn við lýði á einstöku smáeyju undan ströndum landsins, sem komizt hafa undan ránshendi mannsins, og bera enn hinn forna skróða.

Við vestanvert Miðjarðarhaf, bæði á Ítalíu og í Karthago hinni fornu, varð sama uppi á teningnum og heima í Grikklandi, enda fluttu bæði Grikkir og Föníkumenn ræktunaraðferðir sínar með sér að heiman til nýlendnanna. Nægir að skýra frá einu dæmi þess, hversu farið var með hið ræktanlega land á Ítalíu, því að víðast hvar hlaut það svipaða útreið, er tímar liðu. Meðal elztu nýlendna Grikkja á suður Ítalíu var borgin Sybaris, sem reist var milli áнна Crati og Sybaris á norðanverðum Calabríuskaga. Nýlenda þessi var auðugust allra hellenzkra byggða í 200 ár samfleytt. Árið 510 f. Kr. var borgin hernumin af þjóðflokki, sem bjó í nágrenni hennar, og hefir sjálfsagt öfundað Sybarisbúa af auðlegð þeirra. Þessi þjóðflokkur eyðilagði allar áveitur Sybarismanna og hleypti ánni Crati yfir borgarstæðið. Þegar þetta gerðist, höfðu skógar verið ruddir úr öllum nærliggjandi fjöllum, og framburður áнна hafði aukizt mjög. Þegar áveiturnar skemmdust myndaðist mýrlendi við áróšana, en þá fékk köldusóttarmýflugan ágæt lífsskilyrði. Var þá endurreisn byggðarinnar jafnskjótt úr sögunni, því að engin ráð voru til að hefta útbreiðslu köldusóttarinnar á þeim tímum. Þeir, sem héldu áfram að stunda landbúnað á þessum slóðum, eftir fall Sybarisborgar, urðu að leita inn til landsins og ryðja ný lönd. Við það jókst enn framburður áнна og mýrlendið stækkaði. Þegar Sybaris var reist, höfðu ánnar Crati og Sybaris sinn hvorn árósin, en nú falla þær í sama farveg 5 km frá sjó. Þarf varla að taka það fram, að er menn höfðu yfirgefið borgina Sybaris, týndist hún með öllu, og menn höfðu ekki hugmynd um, hvar bæjarstæðið hafði verið fyrir en það var leitað uppi fyrir skömmu. Lík þessu varð eyðing margra héraða á Ítalíu, er fram liðu stundir.

Við sunnanvert Miðjarðarhaf eyddust löndin víða á svipaðan hátt og við Sybaris, svo að nú eru gróðurlöndin við strendurnar aðeins lítið brot af því, sem áður var. Þó er Egyftaland undantekning, því að þar hefir akuryrkja verið stunduð óslitið um þúsundir ára, án þess að landið hafi skemmzt eða gengið til þurrðar. Ástæðan er auðsæ. Flóðin í ánni Níl eru jafn regluleg enn og þau voru fyrir þúsundum ára, og orsökina er aðeins sú, að alls staðar umhverfis upptök árinnar er hinn upphaflegi gróður óskemmdur. Þar voru engir hirðingjar, sem gátu eytt skógum og öðrum gróðri, og gróðurinn hefir miðlað ánni Níl vatninu jafnt og reglulega allar þær aldir, sem byggð hefir verið í Nílardalnum. Þótt íbúar landsins hafi verið herteknir hvað eftir annað, og þótt áveiturnar hafi eyðilagst um stundarsakir, hefir mönnum ávallt tekizt að endurbyggja þær og rækta landið að nýju af því, að flóðin í fljótinu hafa allt af verið jafn regluleg og gangur himintunglanna.

Rómverjar voru í upphafi iðin og starfsöm bændapjóð, sem stundaði landbúnað af alúð. Þegar þeir hófust til landvinninga áttu þeir auðvelt með að afla sér korns meðal þjóða þeirra, sem þeir lögðu undir sig. Höfðingjar Rómaborgar tóku upp þá venju, að útbýta ókeypis korni til alþýðu manna til þess að afla sér atkvæða og áhrifa. Varð þetta til þess, að smábændurnir umhverfis Róm flosnuðu upp af búum sínum, fluttu til borgarinnar og drógu fram lífið á gjafakorni. Seldu þeir jarðir sínar í hendur auðmönnum í Róm, en þeir tóku síðar að stunda nokkura kvikfjárrækt á löndum sínum. Síðar tóku þeir upp ræktun vínviðar og smjörviðar og var sá búskapur aðalatvinnuvegurinn um það leyti, er veldi Rómverja tók að liðast í sundur.

Rómverjar voru að mörgu leyti duglegir akuryrkjumenn og beittu meiri forsjá við landbúnaðarstörf heldur en aðrar þjóðir höfðu gert á undan þeim. Landið var frjósamt og gott, og landgæðin notuðust vel og lengi. Samt rak þó að því, að skógar voru höggðir og skemmdir, svo að

timbur varð að flytja inn, en kvikfénaður sá fyrir því, að gróður í fjöllum og hlíðum smáeyddist, svo að þegar Rómaveldi leið undir lok, var landið mjög rúið hinum upphaflegu gæðum. Þegar undan eru skilin beztu héruð landsins, svo sem Pódalurinn og nokkur önnur héruð, er Ítalía aðeins svipur hjá sjón móts við það, er áður var.

Ýmsir hafa haldið því fram, að ein af aðalorsökunum til hnignunar og falls Rómaveldis hafi verið sú, að landkostir gengu til þurrðar sakir langvarandi rányrkju. Þetta er samt sennilega of djúpt í árina tekið, en því verður ekki neitað, að samtímis hnignun Rómaveldis er mikið af landgæðum Ítalíu og annarra landa aleytt. Meira að segja höfðu Rómverjar eytt all mjög skógum Englands á þessum tíma. Án efa hafa margar samvirkar orsakir legið til þess, að Rómaveldi liðaðist í sundur, en ein þeirra var, að mikil landgæði höfðu eyðzt sakir rányrkju margra alda.

G. P. Marsh, sem var sendiherra Bandaríkjanna á Ítalíu um miðja síðustu öld, segir svo í bók, er hann reit árið 1874: „Meðan veldi Rómverja stóð með mestum blóma, tók það yfir lönd, er fullnægðu þörfum hvers annars á þann hátt, sem bezt varð á kosið ... Nú er meira en helmingur þessarra landa annað hvort í eyði eða margfaldlega ófrjórri og strjálbýlli en áður ... Stórvaxnir, víðlendir skógar eru nú horfnir úr fjöllum; gróðrarmoldin frá trjánum, jarðvegurinn af beitolöndunum og moldin úr ökrum hlíðanna hafa skolazt burt. Engi og áveitulönd eru eydd og uppbornuð, ýmist sakir þess, að áveituskurðir og vatnsgeymar er ónýtt orðið, eða af því, að vatnslindirnar eru þornaðar. Ár, sem rómaðar voru í söngvum og sögnum, eru nú aðeins smálækir; víðirunnarnir, er vörðu lækjarbakkana, eru löngu horfnir, og einnig lækirnir, af því að hið litla vatn, sem nær fram í efstu lækjadrögin, gufar upp í sumarhitunum eða sígur niður í sólbrennda jörðina löngu áður en það kemst niður á láglandið.“

Hér hefir verið stiklað á stóru um eyðingu landa við Miðjarðarhaf. Raunin varð hin sama og austur í Asíu-

löndum, eyðingin fylgir jafnan í kjölfar menningarinnar. Ekki er unnt að kenna óblíðu veðurfari um skemmdir þær, sem orðið hafa, en að því verður vikið síðar.

VESTUR-EVRÓPA.

Lönd Mið-Evrópu eru langtum minna skemmd eftir búsetu manna en hin, sem um hefir verið rætt til þessa. Þó mætti benda á ýmis dæmi frá flestum löndum álfunnar um eyðingu landkosta, en út í þá sálma mun ekki farið hér. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að minnast ofurlítið á Bretlandseyjar og Noreg af því, að bæði eru þessi lönd í næsta nágrenni við Ísland, og þar hefir land-skemmda gætt mjög mikið.

Á dögum Rómverja var hafið mikið skógarhögg á Englandi, og hélzt það fram eftir öldum, unz menn lærðu að hagnýta sér skógana á vesturströnd Noregs á 16. öld, enda voru skógar Englands gengnir allmjög til þurrðar um það leyti, svo að það var af illri nauðsyn, að menn urðu að sækja við til Noregs. Nú er England í hópi þeirra landa, sem eiga einna minnst skóglendi, og jarðvegur þess er víða langtum ófrjórrí en hann hefði þurft að vera, ef skynsamlega hefði verið unnið að ræktun. Mikill hluti landsins er notaður til gagnslútillar beitar og hefir sízt batnað við það. Þó er Skotland enn verr leikið en England, og af því, að þar svipar ýmsu til margs hér á landi er ástæða til þess að líta nánara á það. Verður þá greint frá aðalatriðum í grein þeirri eftir *E. Wyllie Fenton*, sem um var getið í upphafi. Skýrir hann svo frá að um 62% af landi Skotlands sé einvörðungu notað til fjárbeitar. Afleiðingar beitarinnar eru þær, að gróðurlandið hefir verið að breytast og er enn að breytast. Grastegundir verða meira áberandi er tímar líða, en annarr gróður hverfur. Kennir hann bæði sauðfé og nautpeningi um, að skógar hafi ekki getað haldið velli en gengið til þurrðar sakir þess, að ungvíði komst ekki á legg af sjálfsdáðum. Er þeir hurfu fór beitleyngið því næst að ganga til þurrðar. Fyrir

um það bil tveim öldum fjölgaði sauðfé mjög í Skotlandi og með því hefst barátta sú, sem menn hafa átt í við stórvaxna burknategund, er breiðist mjög ört yfir beitolöndin, en er engum til nytja. Sums staðar hefir burkni þessi lagt hið gróna land alveg undir sig og náð þeirri fótfestu að erfitt hefir reynzt að útrýma honum. Sauðféð hefir útrýmt beitylengi og annarri runnategund á stórum svæðum, en í stað þess hefir finnunger sprottið upp, og þykja það léleg umskipti.

Finnungerinn hefir einkum breiðzt ört út um suðurhluta Hálanda og hin syðri upplönd Skotlands. Þar er langmesta fjárþröng í högum og er útbreiðsla finnungsins talin afleiðing þess. Segir höfundur, að þessi rýrnun beitolanda sé mjög alvarlegt atriði og erfitt að ráða bót á því.

Við *Boghall Glen* hafa undanfarin ár verið gerðar tilraunir, er sýna, hvernig gróður landsins hefir yfirleitt breytt sakir sauðbeitar. Beitylengið óx áður miklu víðar og miklu neðar í hlíðum en nú. Hefir það orðið að víkja fyrir grastegundum og vex nú aðallega hátt til fjalla. Aðal grastegundin er finnunger, sem komið hefir í staðinn, en ef beitinni léttir fer að bera á vingli og lingresi. Þessar tegundir hverfa þó skjótt ef beit eykst að nýju.

Í grein þeirri, sem hér um ræðir, er skýrt frá tilraunum, er gerðar voru til þess að rannsaka, hver áhrif sauðbeitin hefði á sjálfræðslu lands, þar sem gróður hefir eyðzt með öllu. Sýna þær ljóslega, að þar sem beitin er mest, er hvergi um sjálfræðslu að ræða, en þegar beit fer þverrandi, eykst sjálfræðslan að sama skapi. Enn fremur fer það eftir þunga beitarinnar, hvaða tegundir plantna verða drottnandi við sjálfræðsluna. Eins og að líkindum lætur nær verðmætasti gróðurinn hvergi neinum þroska nema þar, sem beitin fer ekki úr hófi fram. Telur höfundur greinarinnar, að mönnum hætti við því að telja tjón það, er sauðfé veldur á endurgræðslu lands, langtum minna en það er í raun og veru.

Um og eftir 1750 margfaldaðist fjäreign Skota sakir

þess, að ullarverð stórhækkaði. Hefir þetta haft örlagaríka afleiðingar fyrir gróður landsins. Aukin fjáreign skapaði auk þess mörg vandamál við sauðfjárhaldið og fer lausleg þýðing á niðurlagi greinarinnar hér á eftir. „Það vekur varla furðu, að gróður landsins hefir beðið mikinn hnekki þar sem stærri eða minni hjarðir sauðfjár hafa um langan tíma verið nær því eini beitarpeningurinn. Skýrt er frá því í skozkum búnaðarskýrslum, að árið 1770 var 1000 kindum beitt á svæði, þar sem 18000 kindum var beitt 20 árum síðar. Víða hafa stórvaxin og bráðþroska fjárkyn komið í stað smávaxinna og seinþroska innlendra kynja. Stöðug beit á sama landinu hefir verið orsök ýmissa sjúkdóma og valdið miklum fjárdauða með vissu millibili. Áður fyrr var fjárdauðinn oft svo mikill í einstöku beitarlöndum, að flytja varð féð á brott til þess að gefa gróðrinum hvíld. Menn hafa alls ekki sigrast á þessum erfiðleikum til hlítar enn sem komið er. Með því að hlíta vísindalegum rannsóknum hafa menn þó sums staðar getað haldið fé til beitar á stöðum, þar sem slíkt hefði verið ómögulegt á annan hátt sakir sjúkdómahættu. Enn er þó víða hætta á sjúkdómum, sem gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Þar sem stórar hjarðir eru í högum virðist hagnaður af þeim í framtíðinni mjög undir því kominn, að með vísindalegum rannsóknum verði fyrr ráðin bót á erfiðleikunum en sjúkdómarnir hafa lagt féð að velli. Þar, sem ofbeit er rekin um skeið, verða afleiðingar hennar og áhrif mikilvirk þegar allt kemur saman. Það eru engar ýkjur, að fjárbeitin hefir beint og óbeint breytt útliti mikils hluta Skotlands á þeim tíma, er við höfum sagnir af. Það eru aðeins veiðiskógar á afviknum stöðum og hæstu og fjarlægustu fjöll, sem komizt hafa undan áhrifum beitarinnar. Skotland er sannarlega sauðnagað land.“

Þannig farast höfundinum orð, en hann hefir um skeið rannsakað nákvæmlega afleiðingar rányrkjunnar í Skotlandi. Væri fróðlegt að skýra frá fleiri skrifum um þetta

efni frá Skotlandi, en rúmið leyfir það ekki. Hins má geta, að þau hníga öll í sömu átt.

Á 16. öld hófst útflutningur viðar frá Noregi í stærri stíl, en áður hafði þekkzt, og er aldir liðu jókst þessi útflutningur mjög. Ástæðan er auðsæ. Flutningaerfiðleikar timburs á landi hafa til skamms tíma verið örðugir og kostnaðarsamir, og þegar þjóðirnar í Vestur-Evrópu höfðu eytt öllum aðgengilegum skógum var hægast að grípa til skóganna í Noregi, þar sem hægt var að taka viðinn við skipshlið og flytja hann til hvaða hafnar sem var. Danakonungar réðu þar ríkjum um langt skeið, og þeir voru oft í peningavandræðum og seldu þess vegna víðlenda skóga og mikla fyrir tiltölulega lítið fé, þegar þeim varð fjár vant. Sem dæmi þess, hve skógar Noregs hafa verið mikið höggðir má geta þess, að þegar bruninn mikli varð í Edinborg seint á 18. öld, var allur viðurinn, sem notaður var til að endurreisa borgina, sóttur til Noregs. Sauðfjár- og geitahald ásamt sumarreit frá seljum hefir valdið miklu um, hversu skógar Noregs áttu erfitt með að yngja sig upp. Enda eru afleiðingar skógarhöggsins og beitarrinnar þær, að nú er vesturströnd landsins víða nakin og berar klappir þar sem áður var ágætur skógur. Sumt af hinu eydda landi má að vísu gera arðbært á nýjan leik með því að rækta á því skóga, en slíkt verður sjaldnast gert nema með ærnum kostnaði og löngum tíma. En svo eru líka stór svæði, sem allur jarðvegur hefir skolast af, og þar er ekki nokkur vegur til að gera landið arðbært á nýjan leik. Noregur hefir orðið ákaflega hart úti, hvað spjöll á nytjagróðri við víkur og er þar sumpart um að kenna legu landsins, en sumpart óforsjálli stjórn og skammsýnni, ekki eingöngu á tímum Danakonunga, heldur einnig innlendum stjórnnum á öldinni, sem leið.

VESTURÁLFA.

Í Vesturálfa heims hafa ótrúlegustu gróðurspjöll átt sér stað, bæði á meðan Indíánar bjuggu þar óáreittir af hvítum



Þessi mynd minnir á afréttarlönd okkar, en er tekin í sunnanverðum Bandaríkjunum eins og næsta mynd.

(Russell Lord: Behold Our Land, SCS.)

mönnum og ekki síður á síðustu öldum, eftir að Bandaríkjamenn settust að í Miðríkjunum. Landskemmdir í Bandaríkjunum síðustu tvær aldirnar munu vera þær lang stórfelldustu, sem sögur fara af.

Almenningur í Bandaríkjunum hafði fremur óljósar hugmyndir um landeyðingu þá, sem hafði átt sér stað, þangað til hinn 12. maí 1934. Þá vöknudum menn við vandan draum. Miklir þurrkar höfðu gengið í ríkjunum Kansas, Texas, Oklahoma og austurhluta Colorado er ofsastormur feykta jarðveginum á stað og þyrlaði honum upp í háloftin. Barst mökkurinn síðan austur yfir allt



Líklega finnst mörgum að þessi mynd gæti verið af Rangárvöllum innan sandgræðslugirðinganna, en svo er ekki. Hún er af friðuðu og nýlega endurgræddu svæði á sömu slóðum og fyrri myndin. (*Russell Lord: Behold Our Land, S.C.S.*)


landið svo að syrti fyrir sólu í höfuðborginni, og leir og ryk smaug inn um hverja smugu í öllum húsum. Mökkurinn barst austur fyrir landið og hans varð vart mörg hundruð kílómetra út á Atlantshaf. Eftir þetta moldrok lukust upp augu manna fyrir því, að ekki mundi vera allt með felldu í Miðríkjunum, og nú var skrifað og rætt um úrbætur. Þótt ýmsir hefði varað við þessari hættu um áratugi, var líkt og engin hefði trúað þeim nema að litlu

leyti fram til þessa. En nú urðu allir óðir og uppvægir að vinna á móti þessum landskemmdum, er þeir höfðu séð hættuna, sem yfir vofði, með eigin augum. Menn rumskuðu því miður langt of seint.

Af öllu flatarmáli Bandaríkjanna, sem er 7.839.065 ferkílómetrar, er meira en helmingur að einhverju leyti skemmdur. Talið er að 1.200.000 ferkm lands sé þegar stórskemmdir, af því landi eru um 200.000 ferkm svo eyddir, að talið er óhugsandi að þeir verði ræktaðir að nýju. Um það bil 200.000 ferkm í viðbót eru svo eyddir, að vafi leikur á, að þeir verði ræktaðir aftur nema að litlu leyti. Næst eru taldir um 400.000 ferkm, sem hafa misst frá einum fjórða og yfir þrjá fjórðu af jarðvegi sínum. Verði ekki brátt undið að því, að bjarga þessum löndum frá frekari eyðingu, má búast við að mikill hluti þess verði óræktanlegur á skömmum tíma. Og loks eru 400.000 ferkm lands, þar sem gróðrar- og jarðvegareyðing er hafin í allmiklum mæli. Þetta er um eyðingu akurlendisins. En auk þess er óhemju mikið land, sem er þegar orðið mikið skemmt sakir þess, að eldur hefir eytt víðlendum skógum, en of mikil beit hefir valdið stórkostlegum gróðrarspjöllum. Nákvæmar tölur um skemmdir af þessum völdum eru enn ekki til.

Tjónið, sem hlýzt af eyðingu jarðvegarins, er ekkert smáræði. Talið er að 3.000 milljónir tonna jarðvegar skolist árlega burt af engjum og beitarlöndum Bandaríkjanna. Í því magni eru 43 milljónir tonna af dýrmætum áburðarefnum, köfnunarefni, kalíum og fosfór. Til samanburðar má geta þess, að árleg notkun tilbúinna áburðarefna er ekki nema 668 þúsundir tonna, eða aðeins 65. hluti þess, sem fer forgörðum árlega. Hið fjárhagslega tjón, sem er afleiðing þverrandi frjósemi landsins, er varlega áætlað 400 milljónir dollara á hverju ári.

Þetta eru háar tölur, sem menn eiga erfitt með að skilja, en það er öllum ljóst, að í Bandaríkjunum er þetta eitt hið mesta vandamál, og snertir framtíðina enn meira en



1944

H. B.

Fjallshlíð í utanverðum Bárðardal austan Skjálfanda. Brautir hafa verið höggnaðar í skóglendið fyrir nokkurum árum beint niður hlíðina. Allstór skriða hefir hlaupið niður eina brautina. Fyrstu orsök skemmdanna á þessum stað má rekja til mannshandarinnar.

líðandi stund. Jarðvegurinn er undirstaðan að velmegun þjóðarinnar nú og í framtíðinni. Þess vegna er óhemju fé varið til þess að hindra frekari landspjöll og bæta það, sem eyðilagt er, að svo miklu leyti, sem þess er kostur.

NIÐURLAG.

Ekki nokkurum manni í öllum Bandaríkjunum, sem hefir óbrenглаða skynsemi, mun láta sér til hugar koma, að óblíða veðurfarsins sé hin upphaflega orsök landskemmdanna, og engum mun heldur koma til hugar, að kenna öðru en rányrkju manna um upptök landskemmda. Það munu heldur ekki finnast margir menn, sem rekja eyðingu landkosta í Evrópu og Asíu til annarra orsaka en búsetu manna.



1944

H. B.

Fjallshlíðar norðan við Hof í Vopnafirði. Þær voru algrónar fram til 1935, er miklar skriður hlupu fram eftir rigningar hinn 10.-15. september um haustið.

Af dæmum þeim, sem talin hafa verið hér að framan, virðist ljóst, að menning sú, sem mannkynið hefir öðlazi, er að þakka óhófs eyðslu náttúrugaða. Fyrir æfalöngu hafa glöggskyggnir menn séð réttilega, að fyrsta orsök landskemmda og gróðrarspjalla er rányrkja manna. Röskun á jafnvægi náttúruaflanna, sem af rányrkjunni leiðir, verður til þess, að vindur og vatn leggjast af miklum þunga á sveif með öðrum eyðandi öflum. Gróðurinn reynir í lengstu lög að hamla gegn eyðingunni, og víðast hvar tekst honum það, þar sem ekki er of þurt eða of harðviðrasamt, ef hann fær að heyja stríð sitt óáreittur.

Eyðingin er þó oft mikilvirkari og hraðari en sókn gróðursins. Góð frjómold er lengi að myndast, oft mörg hundruð og jafnvel þúsundir ára, en eyðing stórra landsvæða tekur stundum aðeins fáein ár. Tveggja til þriggja sentímetra lag af góðri frjómold er oft 600 til 1000 ár að

myndast. Í Bandaríkjunum eru dæmi þess, að 15 sm jarðvegur, er hafði myndast á 3600 árum, eyðilagðist á 20 árum sakir óforsjállar ræktunar. En 20 ár eru tvisvar sinnum 3600 dagar. Eyðing jarðvegarins stóð því aðeins helmingi fleiri daga heldur en árin, sem jarðvegurinn var að myndast. Mennirnir eyddu því á tveim dögum, sem náttúran byggði upp á einu ári.

Eins og getið var í upphafi, hefir búskapur manna aðallega verið rekinn á tvennan hátt, annað hvort sem akuryrkja eða kvikfjárrækt. Venjulega hefir kvikfjárræktin valdið meiri og hraðari spjöllum en akuryrkjan, hafi fjárbændurnir ekki haft nóg undanfæri fyrir hjarðir sínar.

Á Íslandi hefir einvörðungu verið um kvikfjárrækt að ræða, og því er sízt að undra, þótt landið hafi beðið tjón á gróðri á liðnum öldum. Langmest ber á skemmdum af völdum vinda, sem koma í kjölfar beitarinnar, en hins vegar má víða sjá vatnsspjöll í fjallshlíðum, sem afleiðing skógaskemmda.

Þegar hvöss norðaustanátt blæs samfleytt í tvö eða þrjú dægur um Suðvesturland, sortnar himininn af móbrúnu mistri. Mistrið er jarðvegur af hálendisbrúnum landsins austan og vestan Langjökuls. Jarðvegur, sem verið hefir að myndast síðan ísöld lauk hér á landi, fýkur nú unnvörpum á haf út, án þess að nokkuð sé aðhafzt að ráði. Gróðurinn fær ekki rönd við reist, bæði af því, að eyðingin er komin á hátt stig og hefir grafið um sig, og eins sakir þess, og ekki sízt vegna þess, að sauðfé, hross og jafnvel annarr beitarpeningur leggst enn óhindrað á sveif með eyðingunni og tortímir öllum nýgræðingi, sem næst í. Víða mundi friðunin ein vera nóg til þess, að stöðva frekari landskemmdir af völdum uppblásturs, enda hefir það komið greinilega í ljós í Haukadal í Biskupstungum eftir fárra ára friðun. Þar mun friðunin ein hefta frekari landskemmdir, og jarðfok mun hætta undir eins og gömlu og hálfblásnu moldirnar eru á burt.



1944

H. B.

Klapparás sunnan við Helluland í Hegranesi í Skagafirði. Ásinn er alveg gróðurlaus og eyddur að jarðvegi nema á hæsta hryggnum er þessi torfa. Allir aðrir ásar í nágrenninu eru löngu örfoka.

Þegar Helgi magri nam land í Eyjafirði hefir hann haldið skipi sínu langt upp eftir Eyjafjarðará. Neðan við Kaupang hafa skip legið í fornöld, því að þá hafa hólmanir í ármynninu náð langtum skemmra út en nú. Um framburð undan jöklum er ekki að ræða við Eyjafjarðará. Hins vegar hafa hlíðar Eyjafjarðardala verið vaxnar skógi á landnámsöld, þótt þess sjáist nú hvergi vottur nema í þröngum giljum. Nú eru hlíðarnar víða mjög berar sakir skriðuhlaupa, og af því að vatn hefir skolað jarðveginum burt og niður í á. Mikið af framburði árinna hefir hlaðið upp hólmana en annað hefir borizt á sjó út. Þótt hólmanir sé ágætt land, jafnast þeir ekki nema að mjög litlu leyti á móts við þau landgæði, sem horfið hafa

við myndun þeirra. Hólmarnir í ósum Eyjafjarðarár eru að miklu leyti orðnir til af mannavöldum. Myndun þeirra er afleiðing rányrkju bænda í Eyjafirði á liðnum dögum.

Unnt er að telja upp fjölda annarra dæma líkum þessum, sem benda öll í sömu átt. En þau sýna, að hér á landi gilda sömu lögmál og annars staðar um eyðingu gróðurlendis. Er forsóninni sannarlega fyrir það þakkandi að svo er, því að ef óblíða veðurfars eða aðrar óviðráðanlegar orsakir væri upphaf landskemmda, væri þjóðin illa sett í landinu.

Úr því, að hinar upphaflegu orsakir landspjalla og gróðrareyðingar eru kunnar, hlýtur það að verða starf vort umfram flest önnur, að reyna að ráða bót á eyðingunni, bæði með því að stöðva hana og eins með því að vinna aftur eydd lönd. Rányrkjan á Íslandi er bein afleiðing búnaðarháttanna, en þeir eru nú úreltir að miklu leyti og því hljóta þeir að breytast á næstu áratugum. Íslendingar hljóta, eins og allar aðrar þjóðir hafa gert fyrrum, eða verða að gera síðar, að hverfa frá rányrkju til ræktunar. Nauðsynin hlýtur að knýja menn á landi hér til þess að hætta að lifa hálfgildings hirðingjalífi, en taka upp ræktun í staðinn. Hér gilda sömu náttúrulögmál og annars staðar og einnig hagfræðilögmál, og samkvæmt því verðum við að lifa.

Náttúran tortímur öllum þeim, sem brjóta lögmál hennar, án þess að sjá að sér í tíma. Vér Íslendingar höfum gengið vel fram í því, að brjóta ýmiss af lögmálum hennar, og það er aðeins á síðustu áratugum, sem menn eru farnir að gera sér ljóst, hvert stefnt hefir. Því lengur sem dregið verður að framkvæma „nýsköpun“ á sviði búnaðar og ræktunar hér á landi, því erfiðara verður fyrir niðja núlifandi kynslóðar að byggja landið.

GUTTORMUR PALSSON, skógarvörður:

Hallormsstaðaskógur

- Fjörutíu ára friðun

Á þessu ári eru liðin 40 ár frá merkisviðburði í sögu skógræktar á Íslandi. Árið 1905 hófst friðun Hallormsstaðaskógar, og tók þá skógrækt ríkisins jörðina og skóginn í umsjá. Hnignun skógarins sökum rányrkju var stöðvuð. Ársprotar lágvaxinna og niðurníðdra runna fengu að þroskast. Stærri tré og runnar fengu smám saman skjól af nýgræðingi. Rjóðrin fylltust ár frá ári, og jarðvegurinn breyttist vegna meira lauffalls og minni átroðnings. Í stuttu máli: vaxtarskilyrðin bötnuðu og hafa æ síðan farið batnandi. Til skýringar á því, hve skjót breyting varð þegar fyrstu árin, tek ég hér upp setningar úr minnisbók minni 1907, á þriðja ári friðunarinnar: „Þess varð ég brátt var, er ég skoðaði skóginn, að hann hefir tekið miklum framförum á seinustu þrem árum. Allir runnar, sem áður voru stýfðir sem klipptir væri, teygja nú hver í kapp við annan nýja frjóanga móti sól og sumri. Í rjóðrum úir og grúir af plöntum upp af fræi og rótarteinungum“ Umskiptin voru mjög ör og áberandi fyrstu tíu ár friðunarinnar. Árferði var þá gott, og birkimaðurinn gerði ekki vart við sig. Á 40 árum gerist margt í æfi skóganna og margt má af því nema.

Sá lærdómur er dýrmætur skógræktarmönnum og öllum þeim, er liðsinna vilja eða efla framtak á sviði skógræktarmála.

Nokkurum heimildum að lýsingu á skóginum eins og hann var fyrir 40 árum hefi ég safnað, og eru þær skráðar í minningarriti um skóginn, er út kom 1931. Í greinarkorni þessu verður gefið dálítið yfirlit um ástand skógarins eins og hann er nú, og verður það eins konar framhald af því, sem skráð var fyrir 15 árum. Yfirlit þetta fjallar um landslag, jarðveg, víðáttu, vöxt og afrakstur skógarins, svo og undirgróður í skóglendinu.

LANDSLAG.

Skóglendið er mishæðótt mjög, brattlent víða og fjölbreytt. Strönd Lagarfljóts innan takmarka skógarins er um 6 km í beina stefnu af enda og á. Hún er allvogskorin og setur það svip sinn á landslagið. Fjallshlíðin upp á brúnir ris 400-600 metra yfir sjó, en flötur fljótsins er 22 metrar yfir sjó. Skóglendið nær 230-300 metra hæð frá sjó í fjallshlíðinni. Lækir margir falla um skóginn, og verður greint nánara frá því síðar. Í skóginum eru og margar kaldavermslu uppsprettur. Brattur hamraveggur, er Bjarg nefnist, klýfur fjallsbrúnina á alllögum kafla, myndar þar rétt horn, og nefnist önnur álman Þverbjarg. Í krikanum milli álmana eru Bjargselsbotnar, sérkennilegir og aðlaðandi. Að öllum líkindum er Bjargið jarðsprunga, og hefir neðri barmur hennar oltið fram og skilið eftir hina miklu hóladyngju milli bæjarins á Hallormsstað og hjáleigunnar Ormsstaða. Blágrýti mun vera í hólum þessum, en er óvenju lint og grófgert. Sunnan Staðarár, upp af bænum, er Hádegisfjall. Í því eru blágrýtishjallar sums staðar með stefnunni norðaustur til suðvestur. Sunnan Hádegisfjalls og Kerlingarár eru blágrýtisásar með misbreiðum sundum, en stefna þeirra er suður-norður, svo sem algengast er á Héraði. Sunnan við

skóginn halda þessir ásar áfram, en eru þar víðast berir og blásnir. Þar standa fimm einstakar birkihríslur með nokkuru millibili utan í áshryggjunum. Bera þær vitni um horfna fegurð, þrautseigju og þrótt birkigróðursins. Þær tala nú máli sínu í auðninni og segja, hvað gera skal. Í ásalandi þessu er þó enn á köflum lífvænlegur birkiskógur, en ófriðaður til þessa. Norðan við bæ og tún á Hallormsstað eru fyrst Hólar þeir, er nefndir voru. Norðan við Ormsstaði er Lýsishóll, liparíthæð mikil, þá taka við nyrzt í skóginum lágir og ávalir blágrýtisásar að mörkum skógarins á Hafursá.

JARÐVEGUR.

Af því að skóglendið er mjög ásótt og hólótt, er fokmoldarlagið mjög misþykkt. Á áshryggjunum og efst í hólunum er það víða mjög þunnt. Óvíða eru þó berar klappir, en gróðurlitlir og berir melar eru á nokkurum stöðum. Hins vegar er moldarlagið þykkt eða djúpt víðast hvar og mjög þykkt sums staðar. Yfirleitt er jarðvegur í skóginum hæfilega rakur, að fráskildum Hólunum, en þar er víða þurrleitt og stór björg á yfirborði efst í Hólunum. Blágrýtið í þessum hólum veðrast mjög ört og myndar góðan jarðveg fyrir skógargróður. Votlendi eða mýri er í sundum milli ása og smáblettum undir brekkum og höllum. Mýrlendi er um 25 ha alls, þar af 13 ha í engjum og hestahögum. Þurrkaðir hafa verið 4 ha.

SKÓGLENDIÐ,

VÍÐÁTTA OG HALLI LANDSINS.

Samkvæmt uppdrætti af skóginum er stærð hans 619,5 ha. Skóginum hefir verið skipt í 8 teiga. Flatarmál teiganna er mjög misjafnt, því að lækir og gil ráða mörkum upp og niður í hlíðunum, en að neðan Lagarfljót og ofan hæðarmörk skógarins. Eftirfarandi sundurliðun greinir stærð teiganna og meðalhalla þeirra.

Skögarvegir:	Landmál ha.	Stærð á hektara
1. Ljósakleinn milli girðinga og Jökul- bækjar	37,8	1 : 9
2. Vöðubraun milli Jökulbækjar og Atlaekurbækjar	43,1	1 : 9
3. Atlaekurbækjar milli Atlaekurbækja- ra og Kerlingarsár	70,7	1 : 9
4. Húðugrófjall og Mörkin milli Kerl- ingarsár og Staðarsár	120,1	1 : 7½
5. Hólar milli Staðarsár og Övundar- gjótar	186,5	1 : 5½
6. Flötisbógur milli Övundargjótar og Heiðhúsabækjar	24,8	1 : 7½
7. Lýsiból milli Heiðhúsabækjar og Borgargröðisbækjar	73,1	1 : 5½
8. Partur milli Borgargröðisbækjar og Hafarsár	113,7	1 : 6½
Alls 619,3 ha.		

VÖXTURINN.

Alkunnugt er að vaxtarskilyrðin eru að jafnaði lakari ofarlega í fjallshlíðum, eða hátt frá sjó, en á láglendi. Veldur því mismunur sumarhita og meiri stormar og næðingar.

Efst í skóginum eru hæstu trén 4-5 m á hæð, en við Lagarfljót 9-10 m. Allra efstu runnar eru hálfur til einn meter á hæð. Á gildleika trjána er og mikill munur. Gildustu trén neðarlega í skóginum eru 26-30 sm í þvermál, en jafngömul eða álíka efst í skóginum 8-12 sm í þvermál. Allbreið skógarræma ofan til er því að réttu lagi kjarrskógur, ósamfelldur víða og kræklóttur. Verður að telja þann hluta skógarins óarðgæfan eins og stendur,

og rétt að greina hann frá aðalskóglendinu. Ég hefi í yfirliti, er hér fer á eftir, valið að telja skóg ofan við 170 metra hæð frá sjó kjarrrskóg. Kemur þá í ljós að skiptingin verður þessi: Skógur í 25-170 metra hæð frá sjó 549 ha, kjarrrskógur í 170-280 metra hæð frá sjó 70,5 ha.

Hina fyrr töldu 549 ha verður að greina í tvo hluta eftir meðalhæð trjáanna, með því að nokkur hluti þeirra er nýgræðingur á landi, sem var skóglaut með öllu fyrir 40 árum, eða nánara tiltekið sást þar varla nýgræðingur fyrir 20 árum. Þessi nýgræðingur er innan við 2 m á hæð að meðaltali. Eldri skógur allur er hins vegar mikið hærri en tveir metrar. En sökum þess að ekki er vitað með vissu um meðalhæð skógar yfir 2 m, en mun þó vera á milli 5 og 7 m, er hún ekki tilgreind nánara í eftirfarandi yfirliti.

Skógræðing yfir 2 m. skógar innan 25—170 m. yfir sjó:

Skógarstæður	Skógur 25—170 m. hæð frá sjó	Skógur 170—280 m. hæð frá sjó	Skógur 280—350 m. hæð frá sjó	Skógur 350—400 m. hæð frá sjó
Þjóðskinn	37,6 ha	18,8 ha	18,0 ha	6,0 ha
Virðuhraun	43,1 —	37,1 —	6,0 —	—
Alteikunarskógur	70,7 —	36,7 —	18,0 —	2,0 —
Hádegistjall, Mörðin o. s. frv.	100,7 —	54,7 —	46,0 —	—
Hólar	110,7 —	100,7 —	8,5 —	0,5 —
Flatskógur	23,2 —	31,2 —	2,0 —	—
Léaishóll	70,1 —	40,1 —	21,0 —	—
Þortur	92,0 —	30,9 —	12,0 —	—
Allt	549,0 ha	415,0 ha	125,5 ha	8,5 ha

Samkvæmt yfirlitinu er nýgræðingurinn eða ungskógurinn 23% af skóginum. Þó að meðalhæð nýgræðingsins

sé enn lág, eru víða hólmar 4-5 metra á hæð. Eyður eða skóglaus svæði eru og hingað og þangað í þessu landi, og víða er nýgræðingur lágvaxinn, en vex þó hröðum skrefum úr þessu í sæmilegu árferði. Landnámi eða útfærslu skógarins á skóglausu og örfoka landi, svo og landnámi aðfluttra trjátegunda hefir verið svo háttað:

Fyrsti þáttur landnámsins gerðist í eldri og hærri skóginum, er nú mun vera um 5-7 m hár að meðaltali. Í honum voru mörg rjóður og gisinn var hann yfirleitt. Því landnámi er nú lokið og rjóðrin og stærri svæði í útjöðrum svo vaxin, að þau verða ekki greind tilsýndar frá eldra skóginum.

Annar þáttur stendur yfir á 125 ha landi, er skóglaust var með öllu fyrir 40 árum, og þar sást ekki nýgræðingur fyrir 20 árum, svo sem fyrr er getið. Þess mun skammt að bíða, að þessu landnámi verði einnig lokið.

Þriðji þátturinn er skammt á veg kominn, en hann er sá að klæða hin örfoka svæði, sem talin eru 8,5 ha í yfirlitinu. Til þess að svo megi verða þarf undirgróðurinn, mosa-, gras- og lyngtegundir, að vinna byrjunarstarfið. Reynslan sýnir, að björkin fylgir þegar í kjölfar lággróðursins. Birkifræplöntunum er þá forðað frá holklakanum og eftir það er þeim borgið. Melarnir og klappirnar klæðast þá á ný skógargróðri. Moldarlagið er að vísu minna en það var fyrir eyðinguna, áður en landið blés upp, en björkin annast sjálf um moldarmyndun, er fyrsta stiginu er náð. Landnámi skógarins á örfoka landi er lokið.

Fjórdi þátturinn er landnám aðfluttra trjátegunda. Er þar einkum um að ræða barrtrjátegundir. Eftir að skógurinn var friðaður hefir hann fært út kvíarnar, án þess að mannshönd kæmi til. En útfærsla barrviðategunda gerist ekki af sjálfu sér, af því að stofninn er ekki til. Hann verður að flytja frá öðrum löndum, ala upp plöntur og gróðursetja þær. Enn er ekki vitað, hvort furu-, greni- og lerkitré bera hér þroskað fræ í svo ríkum mæli,


að þau geti aukið kyn sitt af sjálfsdáðum og breiðzt út um skóglendið, án þess að beinar aðgerðir um uppeldi og gróðursetningu komi til. Ræktun barrtrjáanna hefir til þessa verið í smáum stíl hér í skóginum. Samt sem áður er þegar sú reynsla fengin, er vísar nokkuð örugga leið að því marki að rækta barrviði í tvíbýli við björkina. En þar sem árangri af byrjun þessa landnáms hefir verið lýst í þessu riti og víðar, skal ekki um það fjölyrt að sinni.

VIÐARMAGN OG AFRAKSTUR.

Fráleitt er með vissu hægt að ákveða viðarmagn skógarins, eða 415 ha, sem telst reglulegur skógur. Til þess þyrfti miklu víðtækari mælingar en hingað til hafa verið framkvæmdar hér. Hins vegar verður að leggja til grundvallar þær mælingar, sem gerðar hafa verið. Mælingum þessum hefir Hákon skógræktarstjóri Bjarnason lýst í riti þessu. Í samræmi við ályktanir hans mætti gera ráð fyrir, að 40 teningsmetrar víðar stæði á hverjum ha hér í skóginum að meðaltali, eða 415×40 , þ.e. 17 þúsund teningsmetrar í öllum skóginum. Árlegan vöxt eða víðarauka mætti þá á sama hátt áætla samkvæmt mælingum þeim, sem fyrir hendi eru, og niðurstöðum skógræktarstjóra um það efni, en þar er lagt til grundvallar, að vöxturinn sé 1,3 teningsmetrar á ha. Ætti þá vöxturinn árlega að vera $415 \times 1,3$, það er um 540 teningsmetrar, eða um 270 smálestir. En þar við bætist vöxturinn á nýgræðingssvæðunum, er mundi óhætt að áætla 60 teningsmetra árlega eins og stendur. Árlegur vöxtur á 549 ha skóglendi hér á Hallormsstað yrði þá 600 teningsmetrar, eða um 300 smálestir.

REYNIVIÐUR, VÍÐIR OG UNDIRGRÓÐUR Í SKÓGINUM.

Á strjálengi í birkiskógum vaxa reynitré, en hvergi mynda þau skóga eða samfellda hólma. Svo er og hér á



1942

H.B.

Rauðgrenitré í gróðrarstöðinni á Hallormsstað.

Hallormsstað, enda er reyniviður lítið útbreiddur, og reynitjám fer hægt fjölgandi. Víðirunnum fjölga hins vegar ört og eru á stöku stað áberandi í útjöðrum, þar sem mýri og þurrlendi mætast. Tegundirnar eru hinar algengu: gulvíðir (*Salix phylicifolia*), loðvíðir (*S. lanata*) og grávíðir (*S. glauca*). Ennfremur bastarður og afbrigði þessara sömu tegunda. Allvæn gulvíðitré finnast í skóginum, þar sem raklent er. Margir víðirunnar eru um 3- 5 m á hæð. Loðvíðir nær hér óvenju miklum vexti og er um 4 m á stöku stað. Undirgróður í skóginum er lítt rannsakaður. Áberandi má telja mosategundir ýmsar, grastegundir, svo sem sveifgrös og snarrót. Hrutaberjalyng er áberandi. Þá má nefna sortulyng á þurrum stöðum, mela- og hólabörðum. Bláberjalyng er allútbreitt, en þó þverrandi. Minna er um krækiberjalyng, og það er einnig þverrandi. Aðalbláberjalyng finnst ekki hér, sama



1943

H. B.

Úr gróðrarstöðinni á Hallormsstað. Trén í baksýn eru skógarfura og lerkitré, sem gróðursett voru um 1920.

er að segja um beitilyng, sem vex alls ekki hér í skóginum. Einir finnast á tveim til þrem stöðum í skóginum, svo og jarðarber á nokkurum stöðum. Af öðrum blómplöntum eru þessar tegundir algengar: mýrasóley, brennisóley, bláklukka og ýmsar fíflategundir. Blágresi er á stöku stað. Af belgjurtum finnast hér smári og umfeðmingur (flækja). Klóelfting er allvíða í raklendi, einkum í Mörkinni. Undirgróðurinn er mismunandi þéttur og gróskumikil eftir því, hvernig raka- og jarðvegarskilyrðin eru yfirleitt. Skuggi trjáanna veldur miklu um, hvort jurtagróðurinn er þéttur eða gisinn. En tegundirnar, sem mynda þenna gróður, vaxa þar sem skilyrðin henta þeim best. Hins vegar mun gróðurfarið breytast með bættum jarðvegarskilyrðum. En það er hlutverk skógræktarmannsins að flýta fyrir því sem mest má verða. Fjörutíu ár er þó skammur áfangi á æfalangri leið.

Guttormur Pálsson:

VIGFÚS GUÐMUNDSSON, fræðimaður:

Eyðing og verndun skóga

Nokkur dæmi, helzt frá nítjándu öld

FORSPJALL.

Í fornöld var mikið kapp og þræta milli manna, lagavafstur og mannvíg út af skógalöndum og ítökum. Dómkirkjurnar, klaustrin og kirkjurnar flestallar eða forráðamenn þeirra náðu undir sig skógaítökum, mörgum sums staðar og á mörgum stöðum. Höfðingjar og stórbændur kepptust um að ná sem mestum skógum og ítökum, til þess að geta höggvið og hagnýtt viðinn eftir vild og án takmörkunar. Viðarhöggvið takmarkalausa, til húsa, kola, eldiviðar og smíða, virðist halda áfram lítt hindrað, þar sem eitthvað af skógum var eftir, allt fram á nítjándu öld. Og þar að auki skógabeitin, trjálím og rífhrís til eldsneytis og fóðrunar búpenings með litlum heyjum og í heyþroti.

Nærri má geta, hversu vel og hyggilega skógurinn hefir verið höggvinn þegar beinustu og beztu trén voru valin úr, á baðstofur og bæjarhús, peningshús og jafnvel á kirkjurnar sjálfar. Sagt er í Fornbréfasafni (I., bls. 273), að Miklaholtskirkja í Hnappadalssýslu eigi *40 rafta til kirkjugerðar*. Ef það er rétt, að þetta væri innlendir skógarraftar, sem svo stór og auðug kirkja notaði í bygging hennar sjálfrar, um 1180 eða síðla á tólfðu öld, þá

er líklegt að litlu, mörgu og efnasnaudu bændakirkjurnar yrði að nota skógarraftana til uppgerðar að meira leyti eða minna. Og hafi margar kirkjur notað skógarhögg svo ríflega sem Helgafellskirkja hafði leyfi til, þá er ekki undur þótt skarð kæmi í beztu skógana. Kirkjan sú fékk löggilt leyfi 1598 til þess að *höggva hundrað* (120) *rafta árlega* í skógum Breiðabólsstaðar á Skógaströnd, og að auki skógarhögg þar til kolgerðar, „svo sem honum þætti fullnægja“, þ.e. forráðamanni kirkjunnar. (Alþb. III., bls. 142). - Móti þessu komu svo önnur hlunnindi frá Helgafelli.

Lítið hefir orðið úr vernd eða friðun skóga fyrr en á nítjándu öld. Og þá fyrst, þegar skógar almennings eru upphöggirnir að mestu og geryðilagðir víðast hvar. Löngu fyrr sáu þó framsýnir menn, hversu mikil hætta steðjaði að þjóðinni með slíkum aðförum. En aðvörun og álit þeirra var lítill gaumur gefinn. Þannig fór t.d. um:

ÁLIT JÓNS BISKUPS VÍDALÍNS.

Hann ritaði mikið mál í bréfabók sína 1720 (nr. 668, - bréf til stiftamtmanns, að mig minnir). Telur hann að skógarnir gangi mjög til þurrðar, bæði frá náttúrunnar hálfu og þess, að þeir sé ofmikið og illa höggirnir, eigi aðeins til heimilanna, heldur flytji bændur líka mikið af viðarkolum til sjávarþorpa og selji þar. Biskup vill láta banna þessa flutninga og skylda alla, sem kaupa viðarkolin, til þess, að kaupa *steinkol* í staðinn. Farið sé að flytja þau í kaupstaði, og ein tunna af þeim kosti ekki meira en tvær tunnur viðarkola. En það sé margreynt í Skálholti að *ein tunna steinkola jafngildi átta tunnum viðarkola*. Mór sé jafnan tekinn í Skálholti til eldsneytis og þurfi að skylda alla til þess að gera slíkt hið sama, þar sem nokkur kostur sé að ná til mótak.

Þá verður tekinn hér upp útdráttur (og þýðing) úr löngu bréfi 100 árum síðar, 1822, frá sýslumanni Árnassýslu til stiftamtmanns. (Bréfabók s. ár. nr. 31). Bréfið

er svar við fjórum fyrirspurnum Moltke greifa, sem sýnir að hann hefir haft áhuga fyrir skógavernd og skóggræðslu. Spurningar sjást og skiljast af svörum sýslumanns.

SVARBRÉF

ÞÓRÐAR SÝSLUMANNS SVEINBJÖRNSSONAR.

1. Orsakir að eyðing skóga eru þessar: Kolagerð til eldsneytis og dengingar ljáa, fjárbeit og blástrar, ásamt notkun til rafta á hús og tróð undir torfþekjur með fleiru. Viðurinn (tróðið) á húsunum þoli varla lengur en 20-30 ár, og þurfi því oft að endurnýjast. Sérhver bóndi þurfi margar tunnur viðarkola til smíða og dengslu sláttuljáa. En trén sé þó oft höggvin í miðju (!) og aldrei nær rót en þrjá til fjóra þumlunga. Auk þessa brenni skógur af jarðeldi, lofteldi og óvarkárni manna við kolagerð, og af því að trén nuddist saman í roki (!). Annars verði trén um 100 ára gömul og skógurinn ellidauður þar sem ekki er höggvið.

2. Veit ekki um tilraunir skógræktar í Árnessýslu, nema fyrrverandi prestur á Þingvöllum, *Páll Þorláksson*, hafi reynt að sá einhverju trjáfræi í ógirt svæði, við skógarrrjóður í Ármannsfelli. En sauðfé hafi þá eyðilagt plönturnar, hafi þær komið upp. Um miðja átjándu öld hafi verið björk ein í Skálholti, 100 ára gömul.*

3. Ráðin gegn öðrum hindrunum skóggræðslu en þeim náttúrlegu, svo sem fjárbeit, deyfð og hirðuleysi. Væri líklegast að planta út ungu birki úr skógum og kjarri. Mætti nota til þess bletti, er væri girtir af náttúrunni að miklu leyti, eins og nes við ár og vötn o. s. frv. Verst væri deyfð almennings, sífellt amstur fyrir daglegum þörfum og áhugaleysi fyrir öðru en fljóttæknum arði. En

* Varla eldri en frá 1672, þá er Guðríður, dóttir Vísa-Gísla, kom í Skálholt sem biskupsfrú frá garðyrkjunni á Hlíðarenda. - Sbr. tréð á Eyvindarmúla, 67 ára 1756. (Reise g. Isl. II. 1023).

skógræktin tæki 30-40 ár, þar til hún yrði að fullum notum. Reynandi kynni vera, að skylda bændur til skógræktar á hentugum stöðum, til þess að auka verðmæti jarðanna og ætti þá jarðeigendur að gefa eftir nokkuð af jarðarafgjaldinu móti slíkri vinnu og endurbót. Væri þá líklegast að skylda menn til plöntunar ákveðins fjölda trjáa árlega. Konungur hafi líka styrkt mörg nytsöm störf, þau er fyrr gáfu arð af sér. - Þá bendir sýslumaður á fleiri ráð:

a) Skógaverðir sé skipaðir í hverri sýslu, er gæti að meðferð skóga og sjái um að það verði ekki eyðilagt, sem eftir er.

b) Hreppstjórar verði skyldaðir til eftirlits, hverjir í sínum hreppi.

e) Öllum verði bannað að nota skóg til eldiviðar, nema þar sem alls enginn mór er til, eftir rannsókn og áliti hreppstjóra.

d) Eigendur skógajarða skuli setja leiguliðum reglur um notkun skóganna.

e) Veita þeim bændum verðlaun næstu árin, sem legðu ljái sína á hverfistein, í stað þess að dengja með viðarkolaeldi einu sinni eða tvisvar á dag.

f) Eins og konungur létti aðflutningstolli af timbri, 1. júní 1821 (frá 11. sept. 1816), til að auka innflutning þess, svo ætti líka að létta tolli af steinkolum.

g) „Premíu“ skyldi þeir menn fá, sem fyndu steinkol í landinu. - Til Eyrarbakka flytzt of lítið árlega, bæði af timbri og kolum. Árnassýsla er fjölmenn, en skortir skóga. Og Árnésingar spara viðarkol meira en flestir aðrir.

4. Sending ritgerðar Laurops: „*Birkitréa dýrkun*“ til bænda, mundi reynast þeim of strembin. Betra væri þeim að fá stuttan útdrátt og „praktiskari“ leiðbeiningar eftir staðháttum, og þá helst í Klausturpóstinum.

- Þetta er aðeins lítið efniságrip úr löngu máli, og sýnir þó sæmilega, hversu Þórður Sveinbjörnsson (síðar

háyfirdómari, f. 1786, d. 1856) var athugull, vitur og ráðhollur, þá alveg nýkomin í sýsluna (1822-34).

Fáum árum fyrr en þetta gerðist, sem nú var sagt, var komin hreyfing á skógafríðunarmálið í Rangárvallasýslu (Þórsmörk), svo sem bráðlega getur. En líklegt er, að af þessari hreyfing Moltke greifa hafi samizt um konungs úrskurður, er út var gefinn 6. ágúst 1825. Hann var auglýstur hér á landi með rentukammersbréfi 30. september og svo með amtsbréfi 1. desember sama ár. Í þeirri skipan var sýslumönnum boðið: „að sjá um að skógar ei yrktir yrðu fram yfir það þeir mættu óskemmdir vera“. - Þetta og fleira hér á eftir, (þó aðeins lítið ágrip), er tekið upp úr bréfabókum Rangárvallasýslu.

ÚR BRÉFABÓKUM RANGÁRVALLASÝSLU.

1. Magnús Stephensen sýslumaður ritaði bréf til amtmanns, 20. september 1850, um skóga í Þórsmörk og þar í Almenninum. Eyfellingar megi sækja skógarvið í Almennina. Þeir fari þá um Þórsmörk - kannske lengra. - En Þórsmörkurskóga eigi bændur í Fljótshlíð sameiginlega og Holtskirkja undir Eyjafjöllum. Og sýslumaður bætir við: Skógarleifarnar í Þórsmörk voru „því sem næst geryddar“, þá er skógur þessi var friðaður með bréfi Suðuramtsins 7. janúar 1818. Og var þá bannað: „að þar fyrst um sinn væri tekinn nokkur sem helzt viður“. Nokkurum árum eftir þetta bann, hafði sýslumaður frétt grun um það, að bannið væri brotið. Endurnýjaði hann því sama bann með bréfi 16. október 1823.

2. Svo var það, með bréfi 6. september 1845, leyft að höggva lítið og takmarkað í bændaskóginum í Þórsmörk þannig: Skógarhöggsins skyldi allir hlutaðeigendur vitja sama daginn, fimmtudaginn þegar þrjár vikur eru til vetrar. Hreppsstjórar skyldi þá vera þar staddir og sjá um, að enginn flytti burt meira en einn viðarhest fyrir hver tíu hundruð jarða þeirra, er ítökin ætti. Höggva

skyldi aðeins innan úr þéttustu runnunum, sem þá höfðu vaxið mikið á friðunar árunum.

3. Leyfið til að höggva þessa ítölu var ekki notað nema tvisvar, árin 1845-50. „Og hefir reynslan sýnt, að skógurinn hefir í engan máta rýrnað.“

4. Magnús sýslumaður endurnýjaði sams konar skipun um friðun skóga í Almenninum Eyfellinga. Og segir jafnframt, að grunur sé um skógarsókn þeirra í Mörkina, óleyfilega.

5. Hermann E. Johnsen sýslumaður fyrirskipaði skógaskoðun í Hraunteig með bréfi 22. maí 1863 og segir:

„Þar eð nú eru liðin fimm ár síðan að gerð var skoðun á, hvort nýgræðings skógurinn í Hraunteig* væri hæfilega yrktur, eða auka þyrfti eða minnka yrkingu hans, útnefnist hér með fyrirverandi hreppstjóri, Böðvar Tómasson á Reyðarvatni og signor Loftur Loftsson á Kaldbak, til á vanalegan hátt að gera skoðun á nefndum skógi, og senda mér síðan skriflegt álit sitt um, hvort núverandi yrking sé hæfileg, eða að, hve miklu leyti þurfi að auka hana eða vana.“ - Álit þeirra vantar, nú um sinn a.m.k.

ÚR EYÐIBÝLABÓK SKÚLA Á KELDUM

- með lítilli viðbót.

Jarðabók Árna Magnússonar er ekki fjölorð um skóga í löndum jarða, nema um ítök sé að ræða, eða yfirgnæfandi skóga í heimalandi. Skóga í Keldnalandi nefnir hún ekki. Þeir hafa þó vissulega þá verið til, því að 84 árum síðar, 1795, er bóndanum í Tungu (hjáleigu Keldna) skipað í byggingarbréfi að halda til jarðarinnar m.a. *skógi*, sem hann ekki má nota „nema til nauðsynlegustu kolgerðar, so hann sem lengst við haldist“. Bóndinn í Króktúni hjá Keldum hafði sama rétt og Tungu bóndinn. Og

* Sennilega frá Heklugosinu 1845.

enn 40 árum síðar, 1836, fær hann leyfi Keldna til þess að *höggva skóg til kola* á Gráhellumelum í Keldnalandi, en þó visst mjög takmarkað. Enda var þá og síðar mjög ör uppblástur og áhlað af sandi. Og fór sá góði völlum algerlega í svartan sand á næstu 50 árum.

MEIRA EYÐIST Á MINNI TÍMA.

Milli hrauna og afarlangra sandgára frá a.n.a.átt í Keldnalandi, voru grasi og nokkurum viði vaxnar tungur miklar, allt fram að 1882. Tungur þessar hétu, talið ofan frá: *Markhólstungur*, *Seltungur* og *Lágutungur*. Langar voru þær allar, en fremur mjóar, með bökkum að mestu á báðar hliðar, og mikil og góð beitarlönd.

Fyrir ofan efstu tungurnar er *Eldiviðarhraun*. Nafnið sannar það, hvers konar gróður hefir vaxið í því. Nokkuð var eftir af þeim gróðri fram á nítjándu öld. Því til sönnunar má geta þess, að árið 1823, tók Páll bóndi Guðmundsson á Keldum „rifhrís“ af tveimur hestum, sem Torfi prófastur Jónsson á Breiðabólstað hafði látið höggva í Eldiviðarhrauni. - Torfi átti þá ráð yfir Dagverðarnesi og vildi ásælast Eldiviðarhraunið til þeirrar jarðar, en hann tapaði því máli. - Sunnan í brún þessa hrauns var líka „*þéttaló*“ í fögrum hvammi, með talsverðu kjarri fram undir 1880, en var þá alveg hulin sandi og eyðileggingu. Vestur af Eldiviðarhrauni var þá enn óskemmd stór heiði, *Réttaheiði* með Keldnaréttum fyrir alla Rangárvelli. Og önnur heiði, ennþá stærri og betri, *Knæfhólaheiði*. Kjarngott vallendi lá þar í legu í lautum þegar vel áraði. En með suðurjaðrinum endilöngum voru víðimelar að blása, gulvíðir að mestu leyti, er þá var vanlega kallaður „*víriviður*“. Úr þeim blástursbökkum hrundu oft hvítir kalangarnir niður á sandinn, og vorum við krakkarnir send þangað eftir mestu veðrin, til að tína upp lausu kalangana. Bárum við þá á bakinu í bandi um öxl, um þriggja rasta leið um hraun og sanda. Aldrei hreyfðum við neitt, sem fast var í bökkum eða lifandi, enda var það öllum

bannað. Kalangana bárum við í smiðju og var þeim brennt, með langt að sóttum skógarviði, undir gestakaffi og sviðum.

Meginhlutinn af tungunum fyrrnefndu og Knæfhólaheiðinni og mikið af Réttahéiðinni, eyðilagðist í ofveðrum 1882-90, á sex til átta árum (allra mest 1882 og 88). Bakkarnir rótuðust upp (jarðvegurinn laus fyrir, af margra alda sandáburði úr gárunum), sandurinn og vikurmölin skóf alla grasrót af hólum og flötum, en lautir fylltust af sandi og vikri. Nú var mikill eyðileggingarforði saman kominn svo að segja í eina heild, og var þá auðveldara áframhaldið, líka í minni. veðrum. Nú er enn komin ný orsök til nafnabreytinga. Tungurnar (síðari alda nöfn) og heiðarnar hafa breytzt í *hraun*. Keldnaréttir fylltust fyrst af sandi og hrundu svo í rústir (tvisvar áður fluttar undan sandi). Nú, 1892 og 93, byggðar nýjar réttir í Reyðarvatnslandi, fyrir vestan læk, ofan við Geitasand. Hraun er þar að gróa upp, út frá grasjaðri, eftir uppblástur fyrir mörgum öldum. Framundan fyrrnefndum heiðum tók við sandeyðingunni *Reyðarvatnsheiðin*, víðlent og fagurt beitarland, sem nú þegar er orðið að hrauni. Fór þar með tún og bær, gullfagur staður á Reyðarvatni. Djúp og mikil tjörn, *Goltjörn*, var framundan túni og hlaðvarpa. Smiðshöggvið reið yfir hana eina sandbylsnótt 1926. Þegar fólkið kom á fætur sá það sandeyri í stað tjarnar, og bóla á snjál drum silunga upp úr sandinum, í stað fjörspretta í tæru vatninu - sem áður hafði verið grængolandi djúpt.

Frá stofnun Landgræðslusjóðs

Skipulagsskrá Landgræðslusjóðs var samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Reykjavík dagana 11. og 13. marz, 1945. Staðfestingar forseta Íslands hefir ekki verið leitað enn sem komið er, en vart mun verða mikill dráttur á því hédan af.

Ástæðan til þess, að dráttur varð á samþykkt skipulagsskrárinnar er, að fjárhæð sú, sem Landsnefnd lýðveldiskosninganna ætlaði að láta renna í sjóðinn, var ekki handbær. Hún var að vísu heldur ekki handbær sakir óviðráðanlegra orsaka, þegar fundurinn var haldinn, en samt sem áður varð ekki hjá því komizt að halda fundinn af því, að ýmsir menn utan af landi voru komnir til þess að sitja hann.

Ítarleg greinargerð fyrir allri söfnuninni mun verða birt í næsta ársriti, því að þótt undarlegt megi virðast eru enn ekki komnar skilagreindir frá öllum aðilum, sem tóku söfnunina að sér. Hér verða hins vegar birt ávörp þau, sem flutt voru í Útvarpið fyrir söfnunina, nema erindi Valtýs Stefánssonar. Enn fremur er birt hér skipulags-skrá sjóðsins, eins og gengið var frá henni.

Fjárhæð sú, sem safnast hafði og handbær var við sjóðstofnunina, nákvæmlega 130.000,00 krónur. Lætur nærri að það sé um ein króna á hvert mannsbarn í landinu. Því miður er þessi fjárhæð aðeins brot af því, sem hún hefði átt að verða, þegar landsbúar tóku sig til að gefa fósturjörðinni sjálfri veglega gjöf til minningar um endurheimt sjálfstæðis þjóðarinnar. Ef öllum landsbúum væri ljóst, hvílíkri þakkarskuld þjóðin stendur í við gróður landsins, þar sem líf hennar á liðnum öldum byggðist

eingöngu á því, að hagnýta sér gæði hans án endurgjalds, með þeim afleiðingum, að landið er nú aðeins svipur hjá sjón móts við það, er áður var, mundi þessi söfnun hafa numið milljónum króna. Hún hefði þá áreiðanlega orðið lang mesta fjársöfnunin, sem hér hefir farið fram.

Samt sem áður mætti fjársöfnunin góðum skilningi hjá fjölda manns, og hún hefði áreiðanlega numið meiru en raun varð á, ef undirbúningstími hefði verið dálítið lengri eða póstsamgöngur eins og tíðkast meðal siðaðra þjóða. Undirbúningstíminn hefði í sjálfu sér reynzt nægur, ef póstsamgöngur væri ekki jafn lélegar og raun ber vitni.

Þegar þetta er ritað, hefir engin tilkynning borizt enn frá Landsnefnd lýðveldiskosninganna um fjárhæð þá, sem renna á í Landgræðslusjóð. Drátturinn stafar af því, að eigi hefir verið formlega gengið frá samþykki eins aðilans, sem lagði fé af mörkum til kosninganna, til þess að afgangur upphæðarinnar renni í Landgræðslusjóð. Þó mun víst að þetta samþykki muni fást.

Dr. juris BJÖRN ÞÓRÐARSON forsætisráðherra:

Græðum sárin, gjöldum fósturlaunin

Það hefir á þessum síðustu tímum verið brotið við blað í sögu vor Íslendinga, og brátt hefst þar nýr kapítuli. En nú hefir góðum mönnum hugkvæmzt, að á þessum sömu tímamótum skuli og mörkuð þáttaskipti um bætta ábúð landsmanna í landinu sjálfu.

Ég hefi fengið fimm mínútur hjá útvarpinu til þess að leggja þessari hugmynd lið, í orði.

Það er verið að hefja undirbúning að öflugri sókn gegn eyðingu og spjöllum á jurtagróðri landsins. Hugmyndin er að vinna ekki aðeins varnarsigra í þessu efni, heldur að halda áfram víðtæku, látlausu starfi til eflingar og stækkunar gróðurlendunum, gróðrarríkinu.

Til þess að taka málið nægilega sterkum tókum þarf fé, mikið fé. Forgöngumenn málsins hafa því sent út ávarp til þjóðarinnar þess efnis, að myndaður verði nú, með samskotum, sjóður, er nefnist Landgræðslusjóður Skógræktarfélags Íslands.

Fé hefir oft verið safnað meðal almennings hér í landi til stuðnings góðum málefnum, til einstaklings- eða almenningsnota á einhvern veg, til góðgerðar- eða líknarstarfsemi á líðandi stund eða fyrir nánustu framtíð, en hér er haft fyrir augum markmið, sem hefir hærra ris og víðara svið, ef svo má að orði komast, bæði í tíma og rúmi en nokkurt þeirra, er ég nefndi áðan.

Starfsviðið er landið allt, en starfið miðar að því að gera landið fegurra og betra heimkynni fyrir uppvaxandi og komandi kynslóðir. Málið er svo tilvalið sem verða má fyrir mikið, sameinað átak. Það verkar eins og hvíld þeg-

ar oss auðnast að vinna að máli, sem vér getum öll sameinast um að veita lið. Og þegar viðfangsefnið er svo máttugt í eðli sínu, að það laðar til fangs við sig, jafnt ungan sem gamlan, þá veitir það oss ekki aðeins hvíld heldur einnig ánægju.

Það er ætlan fróðra manna, að gróðurlendi landsins sé helmingi minna nú en áður var, og þeir segja ennfremur, að þessi eyðing gróðurlendisins eigi að verulegu leyti rætur að rekja til illrar meðferðar landsins af mannavöldum, sem greitt hafi fyrir eyðingaröflum náttúrunnar. Í ræðu og riti hafa oft komið fram ásanir á hendur hinum liðnu kynslóðum fyrir framferði þeirra í þessu efni.

Fljótt á litið mætti nú virðast svo, að miklir föður- og móðurbetrungar séum vér, er nú hugsum oss, ekki aðeins að stöðva eyðinguna, eins og leitast hefir verið við síðustu áratugina, heldur að græða það upp aftur, sem eyðzt hefir.

En hyggjum nánara að. Rök liggja til meðferðar fyrri kynslóða á landinu, sem eru samofin harms- og niðurlægingarsögu þjóðarinnar, eyþjóðarinnar, sem var skipalaus um margar aldir, og svipt rétti og mætti til að fá innflutt nema örlítið brot hinna brýnustu lífsnauðsynja. Í baráttunni fyrir lífinu varð fólkið að sverfa svo fast að landsnytjunum, að landið þoldi það ekki og særðist. Og sárin stóðu opin fyrir margs konar eyðingarhamförum af völdum náttúrunnar og stækkuðu.

Nú er það vort hlutverk að græða þessi sár, ekki með það í huga, að vér séum að bæta fyrir syndir feðranna, heldur að oss sé skylt að breiða yfir kumbl þeirra og greiða landinu lítinn skerf upp í fósturlaunin.

Hugsjónin er sú að gera gróðrarríki landsins eins vítt og það var, þegar forfeður vorir festu hér byggð, en þá var landið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Þessi hugsjón á að vísu langt í land að rætast, en að þessu eigum vér nú að leggja undirstöðu með sameinuðu átaki. Vér þurfum að gera landið allt að einu samyrkjubúi, og allur lands-

lýður að sameinast um að leggja sem ríflegastan skerf til stofnunar Landgræðslusjóðsins, hins nýja Landssjóðs.

Núverandi kynslóð hefir meiri skyldur gagnvart landinu og þyngri ábyrgð gagnvart eftirkomendunum en nokkur fyrri kynslóða, því að henni hefir hlotnast aðstaða og afl til að framkvæma stóra hluti.

Hér í landi eru nú að gerast minnisverð tíðindi. Látum gerðir vorar í þessu máli vera þess verðar að varðveitast meðal minnisverðra tíðinda.

Ég trúi því sérstaklega, að æskan, sem nú er í þann veg að erfa landið, rétti málinu „örfandi hönd“, og að hópar orlofsfólksins, sem nú og framvegis fara um byggðir, heiðar og örnefi landsins, veiti því lið.

Annars skulum vér öll leggjast á eitt um að *koma í veg fyrir, að Ísland blási upp.*

(16. maí 1944).

HÁKON BJARNASON:

„Hér eru vorar heimagættir“

„Í þúsund ár hrísið og heyið
úr haganum reiddu menn inn,
og naktara og nærskafnar flegið
gat næstsetumaður en hinn.“

Þetta er saga vor um 1000 ár, sagan um það, hversu vér höfum lifað á gróðri landsins og gæðum. Ekki getur það vakið neina furðu, að gróðurlendi landsins hafi gengið mjög til þurrðar á jafnlöngum tíma og raun er á orðin, því að landið er harðbýlt.

Saga vor hefir verið miklu tengdari gróðri landsins, en saga margra annarra þjóða, en gróðurfar og frjósemi

landa er samt sá þátturinn, sem oftast veldur mestu um menningu og menntun þjóða. Á þjóðveldistímanum, er menningu vora bar svo hátt, að hún lýsir sem leiftur um nótt, voru bæði landrými og landgæði margfallt meiri á hvern íbúa en nokkurn tíma síðar. Þegar landkostir fóru minnkandi og gróðurlendi drógst saman við búsetu manna, hófust deilur og vígaferli um lönd, auð og völd á Sturlungaöld, sem enduðu á þann sorglega hátt, að vér glötuðum sjálfstæði voru. Upp frá þeirri stundu hnignar velmegun þjóðarinnar, og hún sekkur smám saman í einhverja hina mestu örbirgð, er sögur herma. Þegar saga þjóðarinnar verður tekin til endurskoðunar, mun koma í ljós, að fátæktin og umkomuleysið á fyrri öldum mun standa í nokkurn veginn beinu hlutfalli við stærð og gæði gróðurlendis og árferði.

Eins og forsætisráðherrann, Dr. juris Björn Þórðarson, tók fram í ávarpi sínu í gær, er engan að saka um, að saga vor fór á þenna veg, því að vér höfum verið leiksoppur örlaganna í landi voru en ekki vorrar eigin gæfu smiðir.

Þótt land vort sé yfir 100 þús. ferkm að stærð, mun gróðurlendi landsins undir 400 metra hæð vart hafa verið mikið yfir 34 þús. ferkm, eða um þriðjungur alls landsins. Gróðurlendi vort nú er sennilega um 17 þús. fer km, eða um helmingur þess er var. Auk þess er hið gróna land, sem vér eigum eftir, langtum kostaminnna land en hér var í upphafi, svo að eigi er ólíklegt, að nýtjar vorar af landinu sé aðeins fjórði hluti af því, er áður var, þegar undan er skilin ræktun síðustu áratuga.

Nú eru liðin rúm 40 ár frá því, er hafizt var handa um uppgræðslu eyddra landa, heftingu sandfoks og ræktun skóga. Má líta á þetta tímabil sem eins konar tilraunaskeið, og mun óhætt að fullyrða, að öll þessi starfsemi hefir gefið oss svo góða raun, að eigi verður deilt um réttmæti þess að hefja uppgræðslu lands í mjög stórum stíl.

Á rúmum 40 árum hafa um 600 ferkm lands verið frið-

aðir. Mikið af því landi er nú gróið að nýju og orðið nytjaland, en hitt er sem óðast að gróa. Og miklu af landi hefir verið forðað frá frekari eyðingu fyrir þessar aðgerðir, með því að yfirvofandi sandfok og jarðvegafok heftist. En betur má, ef duga skal. Ef vér héldum áfram endurgræðslu landa með sama seinagangi og hingað til, mundi það taka þjóðina rúm þúsund ár að klæða landið nytjagróðri að nýju. Þess vegna er það ekki að ófyrirsynju, að stofnað er til Landgræðslusjóðs.

Skógræktarfélag Íslands hefir beitt sér fyrir því, að hafizt verði handa um stofnun Landgræðslusjóðs. Félagið treystir aðstoð og fylgi ungmennafélaga um land allt, til þess að veita þessu máli brautargengi, og treystir öllum landsmönnum að sýna í verki, að þeir vilji eignast stærra og betra land í framtíðinni.

Landgræðslusjóðurinn mun verða sjálfseignarstofnun og gengið verður frá því, að hinir beztu menn taki ávallt sæti í stjórn hans hverju sinni. Og áður en skipulagsskrá hans verður samin er hverjum heimilt að gera tillögur um störf hans, og verður án efa tekið til greina allt, sem fram kemur og nýtilegt þykir.

Sakir þess, hve naumur tími hefir verið til undirbúnings sjóðsstofnunarinnar, og eins þess, hve pótsamgöngur eru erfiðar, hefir eigi tekizt að koma samskotaheftum í öll héruð landsins, en reynt verður að bæta úr því síðar, til þess að öllum gefist kostur á að vera með.

Með stofnun Landgræðslusjóðs er stigið spor í áttina til þess að hraða uppgræðslu og endurgræðslu landsins langt umfram það, sem verið hefir. Þetta spor verður þeim mun stærra, sem sjóðurinn vex örar. Hlutverk sjóðsins verður ennfremur að verja hin grónu lönd frekari skemmdum, og þetta starf mun eðlilega haldast í hendur við skynsamlega athugun á því, hversu vér fáum bezt búið í landi voru um alla framtíð og haft sem mest not af gróðri þess, án þess að nokkurn tíma þurfi að koma til þess, að það eyðist og skemmist að nýju af völdum manna. Að sjálf-

sögðu verður sá gróður ræktaður á hverjum stað, sem líklegastur er til þess, að koma að sem mestum notum.

Enn er eitt, sem unnizt hefir á þessu 40 ára tilraunaskeiði landgræðslunnar, og er ekki hvað minnst í spurnið. Þetta starf hefir gefið oss trúna á landið, vissuna um, að unnt sé að græða það með tiltölulega lítilli fyrirhöfn, en trú vor á landið er skilyrði fyrir trú vorri á sjálfstæði þjóðarinnar.

Innan fárra daga göngum vér til atkvæða um sjálfstæðismál vor. Þá göngum vér allir einhuga að sama verki. En þá hlýtur sú spurning að vakna hjá öllum hugsandi mönnum: Hvernig fáum vér bezt verndað sjálfstæði þjóðarinnar um alla framtíð? Það verður ekki gert betur á annan hátt, en að stækka og bæta gróðurlendi landsins svo að stórum muni.

Atkvæðagreiðslunni verður án efa veitt mikil athygli bæði fjær og nær, og því er mikils um vert, að vér gætum sóma vors. En hinu verður og veitt mikil athygli, hversu vér bregðumst við að sýna í verki, að vér höfum fullan hug á að standa saman og treysta framtíð þjóðarinnar í landinu. Og niðjar vorir í marga ættliði munu lengi muna og virða starf vort þessa fjóra daga, er vér sýnum bæði í orði og verki, að vér viljum vera sjálfstæðir.

Landgræðslusjóður Skógræktarfélags Íslands á að verða mesti og stærsti sjóður þjóðarinnar, er tímar líða. Hann á að verða líftrygging niðja vorra, hornsteinn velferðar þjóðarinnar um ókomnar aldir, því að í þessu landi viljum vér allir búa,

„Hér eru vorar heimagættir,
hér skal geymast þjóðernið,
hér skulu vorar allar ættir
eiga ból í hinnsta lið.“

(17.maí, 1944.)

STEINGRÍMUR STEINÞÓRSSON, búnaðarmálastjóri:

„Leggjum gull í lófa framtíðarinnar“

Engin þjóð mun hafa þungbærari reynslu en vér Íslendingar um það, hvernig fer fyrir þeim þjóðum, sem glata ræktunarmenningu sinni - þar sem jarðræktin deyr, ferst þjóðin öll -. Þetta höfum vér fengið að reyna, Íslendingar, og sú reynsla varð oss svo dýrkeypt, að hún ætti aldrei að gleymast.

Á fyrstu öldum Íslands byggðar stöndum vér öðrum þjóðum fyllilega á sporði um jarðræktarframkvæmdir og búskaparmenningu. En þegar erlend áþjón og alls konar óáran fór að hrjá og hrekja þessa litlu þjóð, þá varð jarðræktin harðast úti. Svo var komið í lok 18. aldar að jarðræktarmenningin íslenska var úr sögunni. Þá var ekkert til í þessu landi, sem gat heitið því veglega nafni: jarðrækt. Þetta er einhver mesti harmleikur, sem skeð getur í sögu nokkurrar þjóðar. Þjóð, sem nær eingöngu lifði á landbúnaði, hafði glatað frumskilyrði til þess að geta lifað. Hún hafði glatað því að geta gert sér frjómátt moldarinnar undirgefinn. Hún hafði glatað því að beita plóg og herfi og öðrum jarðyrkjutækjum til þess að búa jurtagróðrinum hægan beð við erfiða og hverfula veðráttu. Afleiðingarnar urðu einnig geigvænlegar. Hungur og harðrétti fylgdi í kjölfarið. Þjóðin var að því komin í lok 18. aldar að verða aldauða. Það, að oss virðist tíðarfar 17. og 18. aldar hafa verið harðara landsbúum en bæði fyrr og síðar, stafar af því einu, að þrek þjóðarinnar var á þrotum. - Hún var að því komin að verða hungurmorða - vegna þess að hún hafði glatað ræktunarmenningu

sinni. - Og svo mun fara fyrir hverri þjóð, sem það gerir. „Ræktun og menning eru fylgifiskar“, sagði Sigurður heitinn Sigurðsson búnaðarmálastjóri oft í ræðum sínum. Þetta er rétt og verður ávallt rétt. Sú þjóð, sem ekki kann að rækta jörðina og verja land sitt gegn eyðingu og uppblæstri, getur ekki fóstað haldgóða menningu.

Margt og mikið hefir breytzt í þessum efnum eins og fleirum frá því sem var í lok 18. aldar. Skógaleifar hafa verið friðaðar og nýir skógar ræktaðir. Stór flæmi af uppblásnu, örfoka landi hafa verið friðuð og síðan grædd - svo að sums staðar, þar sem foksandurinn um skeið var alvaldur, eru nú að rísa blómleg bændabýli að nýju. Túnrækt hefir fleygt fram og jafnvel bylgjandi kornakrar mæta auganu á stöku stað. Garðrækt hefir mjög vaxið og ræktun í vermihúsum undir gleri er að verða mikilsverður þáttur í landbúnaðarframleiðslunni - og svo mætti halda áfram um sinn og benda á miklar breytingar, sem allar stefna í rétta átt.

En betur má ef duga skal segir forn málsháttur - og á hann hvergi betur við en hér. Ræktun með þjóð vorri og verndun gróðurlendis gegn uppblæstri og algerri eyðingu er skammt á veg komið, þótt allmikið hafi áunnizt. Ekkert starf er veglegra en að græða kalin kaun móður vorrar allra - landsins, sem hefir klætt oss og fætt og vér elskum öll. Á engan annan hátt getum vér búið betur í hendur næstu kynslóðum en þann, að láta tvö strá vaxa þar sem áður óx eitt. Ræktunarstarfið er eilíft. Ávallt er nóg til að græða. Þær eru sorglega margar gróðurlausu skellurnar í byggðum landsins, sem mætti græða og breyta í ilmandi töðuvelli, bylgjandi akra, margs konar garðyrkjureiti og stórfellda skógarlundi. Það er þetta landnemastarf sem bíður vor og krefst úrlausnar.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefir hafizt handa um forgöngu að myndun Landgræðslusjóðs, sem verði stofnaður nú um leið og þjóðin tekur síðustu skrefin í sjálfstæðisbaráttu sinni, og æðsta vald þjóðarinnar er endan-

lega flutt inn í landið. Þetta er ágæt hugmynd. - Fögur fullveldisgjöf. sem hér á að leggja í lófa framtíðarinnar. Verkefni sjóðsins er geysimikið og víðtækt - verndun gróðurlendis og ræktun trjálunda og samfelldra skóga víðs vegar um land.

Hver fulltíða Íslendingur ætti að gerast aðili að stofnun Landgræðslusjóðs Skógræktarfélags Íslands. Verkefnið er göfugt, svo að torfundið er annað, er getur tekið því fram. Ég efast ekki um, að forganga þessa máls í höndum Skógræktarfélags Íslands sé örugg. - Þess vegna eiga allir sannir Íslendingar nú, að leggjast á eitt og efla sjóðinn sem mest, svo að hann geti strax á næstu árum sinnt hlutverki sínu á myndarlegan hátt.

Fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands vil ég heita þessu máli fullum stuðningi. Ég vil leyfa mér að beina þeirri áskorun til alls hins marggreinda búnaðarfélagsskapar í landinu: búnaðarsambanda, búnaðarféлага og annars félagsskapar, er starfar að málum landbúnaðarins. - Veitið þessu málefni stuðning - með fjárframlögum eftir því sem geta leyfir - og með því að fá aðra til þess að leggja sinn skerf fram. Húsfreyjur í sveitum og bændur, sem mörg hafið þekkt erfiðleika við að erja óræktar móa ykkur til framfæris - og mörg ykkar einnig séð gróðurlendi á fáum árum breytast í örfoka eyðimörk. - Þið getið fátt gert betra börnum ykkar til öryggis, en leggja fram nokkurn skerf, stóran eða smáan, eftir því, sem hver getur þessu máli til stuðnings.

Guðmundur skáld Friðjónsson talar á einum stað um að leggja gull í lófa framtíðarinnar. Þjóðin öll sameinuð getur nú lagt gull í lófa framtíðarinnar, sem komandi kynslóðir munu blessa hana fyrir, með því að efla Landgræðslusjóð Skógræktarfélags Íslands.

PÁLMI HANNESSON, rektor:

Minnumst skuldar vorrar við landið

Hvarvetna um byggðir landsins heita *holt*. Allir vita, að þau eru yfirleitt gagns- og gróðurlítið land, hvorki fagurt né frjósamt, heldur hálfblásnar hæðir og móar. En fróðir menn segja, að orðið holt hafi í öndverðu merkt skóg eða viði vaxna hæð, og má því ætla, að þar sem nú heita holt, hafi vaxið skógar, þegar landið byggðist. -

Ari fróði segir í Íslendingabók, að í fyrstu hafi Ísland verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Þetta læra allir. En hversu margir eru þeir, sem hafa gert sér í hugarlund, hvað þetta þýðir, hvernig landið hafi þá litið út, er feður vorir festu hér byggð, og hverju það hafi tapað í sambúðinni við þjóðina, - eða réttara sagt undir ánaúðaroki þjóðarinnar .

Hugsum oss nú landið eins og það var í öndverðu, þegar holtin voru viði vaxin, mundi þá ekki annar gróður hafa verið eftir því? - Melarnir grasi grónir, en blómstöð og lyng um brekkur og ása, allt upp til heiða? - Hugsaðu þér dalinn þinn, grundirnar grasi vafðar og hlíðarnar skógi skryðdar, en víðikögur kringum mýrasundin. - Þú veizt, að þannig væri hann fegurri, hlýlegri og hagsælli dalurinn þinn, - en þannig hefir hann verið - og þannig getur hann orðið.

Um tíu aldir fullar hefir þjóðin lifað í landinu, og hvarvetna blasa ummerkin við, eyddar lendur og örtröð. Hinn árborni skógur er eyddur, og hálfblásin holtin lýsa vígi hans á hendur þjóðinni - á hendur okkur, mér og þér. Gróður hlíða og heiða er horfinn eða krepptur í kör. Sjálf

moldin er víða blásin burt. Þau brjóst, sem þjóðin saug, hafa visnað.

Oss er tamt að kenna náttúrunni um það, hvernig komið er, hafisunum, eldgosunum, illviðrunum. - Hitt er þó sannarra, að ránshönd mannsins hefir leikið landið verr. Þetta er að vísu ekki fagur vitnisburður um þjóðina, um menningu hennar og hollustu við landið. - En í rauninni er það þó fagnaðarerindi. Því að náttúruöflunum, eldi og ís, kunnum vér lítt að stjórna, en hitt er oss sjálfrátt eða ætti að vera - að vér níðum ekki landið. Forfeðrum vorum var vorkunn í því, að þeir vissu ekki betur. En slíkt hlítir oss ekki. Vér vitum til fulls, að hvarvetna þar, sem landið fær frið, þá grær það. Þetta hefir sandgræðsla og skógrækt sýnt svo glögg, að ekki verður um villzt. Gróðurinn vill gróa, vill feginn lifa, líkt og vér, og hann gerir það, ef vér ofurseljum hann ekki þeim öflum, sem eyða hann og kæfa.

Um þessar mundir ber margt á góma með þjóðinni, enda erum vér Íslendingar miklir ráðagerðamenn, ef til vill helzt til miklir. Flest af því, sem nú er efst á baugi, mun vafalaust vera gagnlegt og gott. - En þó þykir mér hugmyndin um Landgræðslusjóð bera langt af öllu öðru, fyrst og fremst af því, að hún beinist að landinu sjálfu. Mér virðist sem nú fyrst sé heyrð hjálparbeiðni hinna blásnu holta. - Vissulega er það gott verk og göfugt, að bæta landið og prýða til hagsbóta fyrir alda og óborna. Hitt skiptir mig þó ennþá meira máli, að þjóðin viðurkenni með þessu skuld sína við landið, viðurkenni, að hún hafi búið illa að því, viðurkenni með huga, hönd og hjarta, að henni sé ekkert annað sæmandi en að gera það aftur jafngott og það var, jafnfagurt og gagnauðugt, ekki vegna arðsvonar vorrar né annarra kynslóða, heldur af hinu, að ekkert annað er oss sæmandi sem þjóð.

Enginn skyldi dyljast þess, að hér þarf mikils við. En fyrst eru orðin til alls, en síðan þarf mikið fé, mikið og fórnfúst starf, ekki eins eða fárra, heldur margra, allra,

sem vettlingi valda. - Það sem margar kynslóðir hafa eytt, þarf margar kynslóðir til að reisa úr rústum. - Ég veit fyrir vissst, að allir muni fúslega játa þetta og vilja leggja nokkuð af mörkum. - En finnst yður það nóg, að greiða yðar skattpening til þessa máls? - Mér finnst það ekki, heldur verði allir vinnufærir menn og konur að leggja fram starf, neyta orku sinnar til þess að græða yfir sár hins liðna, - græða nýja skóga, girða og rækta hin örfoka og eyddu lönd.

Hér hefir margt verið vel mælt um fullveldi og frelsi. Ég mun engu auka við það. En hitt vildi ég segja, að allar vorar samþykktir og yfirlýsingar eru aðeins form, hversu mikilvægt, sem það er. En þessu formi verðum vér að veita líf og innihald með vilja vorum og starfi, með trúmennsku vorri og ættjarðarást, því að án hennar, ástarinnar á þessum hólma, eru orð vor aðeins hljómandi málmur. Og það er bjargföst sannfæring mín, að meðan vér kúgum landið, verðum vér aldrei frjálsir menn, frjáls þjóð, hverju sem vér lýsum yfir og hvað sem vér fáum viðurkennt af öðrum.

Minnumst því landsins, minnumst skuldar vorrar við það og vinnum hljóð heit um það að greiða hana, hver og einn að sínum hluta, með lífsorku vorri og starfi. Leggjumst það ekki lengur undir höfuð að rétta hinum fallna bróður, gróðrinum um grundir, hlíðum og holtum, læknaði og hjúkrandi hönd. Minnumst þess nú, hvers virði landið er oss, eða hversu væri nú komið, ef forfeður vorir hefðu verið fluttir út á heiðarnar dönsku, værum vér annað en minningin ein, dropi í hafinu? - Nei, það er landið eitt, Ísland, sem hefir alið með oss hinn undursamlega draum frelsisins. Og á því reisum vér rétt vorn til þess að lifa sem þjóð með þjóðum.

(19. maí 1944).

Skipulagsskrá Landgræðslusjóðs

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands

13. marz 1945.

1. gr. - Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Hann er stofnaður fyrir atbeina Landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.-23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

2. gr. - Stofnfé sjóðsins er:

- a. Frjáls framlög, er safnast hafa kr. 130.000,00
- b. Eftirstöðvar þess fjár, sem Landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkurum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar.

3. gr. - Verksvið sjóðsins er hvers konar landgræðsla og gróðurvernd, en aðalhlutverk hans skal þó vera að klæða landið skógi.

4. gr. - Stjórn Landgræðslusjóðs skipa stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktarstjóri og sandgræðslustjóri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. - Sjóðnum skal afla tekna með frjálsum samskotum, minningargjöfum, merkjasölu, happdrætti, áheitum eða á annan hátt. Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem Landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

6. gr. - Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna deildir innan sjóðsins af gjöfum, sem kunna að vera bundnar því skilyrði gefenda, að þeim sé varið til landgræðslu á ákveðnum svæðum, enda samþykki stjórn sjóðsins skipulagsskrá þeirra.

7. gr. - Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. grein, gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna er stjórn hans heimilt að verja allt að 3/4 vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

8. gr. - Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að 5/7 stjórnar sjóðsins sé því samþykk og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með 3/4 greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

H. B.:

Ýmislegt

SKÓGRÆKTARSJÓÐUR SKAGAFJARÐARSÝSLU.

Sjóður þessi er stofnaður á sýslufundi Skagfirðinga í apríl 1943. Höfðu þá verið haldnir 100 fundir í sýslunefndinni, en 70 ár liðin frá því, er hún kom fyrst saman. Vildu sýslunefndarmenn minnst þessa afmælis á viðeigandi hátt, og völdu þeir þann kostinn, að efna til sjóðs, er lyfti undir skógrækt í hinum skógi eydda Skagafirði.

Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð hér á eftir og þarf varla skýringa við. Þess má samt geta, að árlega leggst hátt á annað þúsund krónur í sjóðinn vegna ákvæða þeirra, sem eru í 2. gr. um skyldur sýslufélagsins gagnvart sjóðnum. Má vænta, að þær tekjur aukist ánæstu árum.

Ennfremur ber. að taka fram, að Skagfirðingafélagið í Reykjavík færði sjóðnum kr. 12.000,00 að gjöf fyrir skömmu. Mun sú viðbót verða lögð við höfuðstól. Er þetta mjög lofsverð gjöf, og mætti mörg héraðsfélög í Reykjavík taka sér dæmi Skagfirðinga til fyrirmyndar.

SAMÞYKKT

um skógggræðslu í Skagafjarðarsýslu

1. gr. - Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu ákveður í tilefni af 70. aðalfundarafmæli sýslunefndarinnar að beita sér fyrir á næstu 30 árum, að komið verði upp vísi að

gagnskógi til skjóls og búsparfa á sem flestum heimilum í Skagafjarðarsýslu.

2. gr. - Til þess að hrinda þessu áleiðis, ákveður sýslunefndin að leggja nú þegar fram kr. 10000.00, sem stofnfé í sjóð, er nefnist: „Skógræktarsjóður Skagafjarðarsýslu“. Auk þess skal verja árlega úr sýslusjóði á næstu 30 árum að minnsta kosti sem svarar 3 aurum af hverjum 1000.00 kr. í samanlögðum skattskyldum eignum og tekjum sýslubúa, 9 aurum af hverjum 1000.00 kr. í fasteignum samkvæmt skattmati og 40 aurum á hvern verkfæran mann í sýslunni.

Sýslunefnd setur nánari reglur um skógræktarsjóðinn.

3. gr. - Sýslunefndin hlutast til um, að skógræktarstjóri fari um sýsluna svo oft sem þörf krefur og kynni sér sem vandlegast staðhætti og hvar álitlegust skilyrði séu fyrir hendi til skógræktar í hverjum hreppi með það fyrir augum, að þar verði hafizt handa um friðun lands og skóggæðslu, ef hlutaðeigendur óska þess. Skógræktarstjóri leggi álit sitt og tillögur fyrir sýslunefndina.

4. gr. - Sýslunefndin úthlutar árlega því fé, sem veitt er til skóggæðslu samkvæmt samþykkt þessari, í samráði við skógræktarstjóra eða trúnaðarmann hans, enda liggi fyrir nægar umsóknir, sem ástæða þykir að sinna.

Framlag sýslunnar er bundið því skilyrði, að fylgt sé að öllu leyti ákvæðum skógræktarlaganna um viðhald skógargirðinga og friðun skóglendis. Ennfremur að skógrækt ríkisins leggi til ókeypis allt girðingarefni umhverfis hið fyrirhugaða skógræktarland, komið á næstu höfn, verkstjóra við uppsetningu girðingarinnar og helming kostnaðar við gróðursetningu og sáningu, samanber 19. gr. laga nr. 100, 14. maí 1940, um skógrækt.

Skógræktarstyrkur sá, er sýslan veitir, má aldrei fara yfir 1/3 þess stofnkostnaðar, er landeiganda ber að greiða samkv. áðurgreindum lögum. Styrkurinn greiðist, þegar fyrir liggur skýrsla skógræktarstjóra eða trúnaðarmanns

hans um, að verkinu sé að fullu lokið, þ.e. girðing og 1. sáning eða gróðursetning.

5. gr. - Land það, sem girt er og friðað til skógræktar með styrk frá sýslunni skal ekki vera minna en einn hektari á býli, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að dómi skógræktarstjóra.

6. gr. - Nú frestast framkvæmdir á þessu sviði eitthvert ár vegna skorts á girðingarefni eða öðrum ástæðum, og skal þá leggja framlag sýslusjóðs í skógræktarsjóðinn, þar til aftur er hafizt handa.

7. gr. - Við úthlutun skógræktarstyrks skal sýslunefndin reyna, ef þess er kostur, að haga styrkveitingum þannig til skógræktar, að einstakir hreppar verði ekki afskiptir, þ.e. leitast við að dreifa styrknum sem víðast um sýsluna, þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi til skógræktar að dómi skógræktarstjóra.

8. gr. - Skylt er oddvita sýslunefndar eða öðrum, er sýslunefndin felur það, að semja við yfirstjórn skógræktarmála ríkisins um, að skógrækt ríkisins taki að sér fullnægjandi eftirlit með öllum skóggæðslureitum í Skagafjarðarsýslu, sýslusjóði að kostnaðarlausu, og fylgist með að það sé rækt.

9. gr. - Til þess að breyta samþykkt þessari eða fella hana úr gildi, þarf samþykkt 2/3 þeirra, er sæti eiga og mættir eru á sýslufundi á hverjum tíma.

10. gr. - Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á samþykkt þessari.

Með bréfi atvinnumálaráðherra, dags. 6. þ. m., hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfest samþykki sitt við setningu framanskráðrar samþykktar.

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu, 10. maí 1943.

Sigurður Sigurðsson.

(Prentað eftir sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu 1943.)

NÝ BJARKARTEGUND Á ÍSLANDI?

Til þessa hefir verið talið, að hér á landi yxi aðeins tvær tegundir af bjarkaættinni, ilmbjörkin og fjalldrapinn. Skógviðarbróðir er talinn bastarður milli þessara tegunda, sem og mun rétt vera. En víða um land, einkum á Vestfjörðum og um vestanvert landið ber mikið á margstofna lágu birki, sem varla getur talizt bastarður ilm-bjarkar og fjalldrapa.

Í þrem amerískum bókum, sem ritaðar eru um trjátegundir Norður-Ameríku, er getið um þrjár smávaxnar bjarkartegundir, sem vaxa allar langt norður á bóginn. Ein þeirra nefnist *Betula glandulosa*, Michx., en á ensku nefnist hún *Scrub birch*. Í *Textbook of Dendrology* eftir Harlow og Harrar, sem er ein bezta bók um trjátegundir Norður-Ameríku, er tegund þessi talin vaxa umhverfis hnöttinn, frá Grænlandi til Alaska og í Síberíu. Mér er ekki kunnugt um, að þessarar, tegundar sé að neinu getið í Finnlandi eða Skandínavíu, en samt er ekki fyrir það að synja, að hún kunni að vera til þar.

Lýsing tegundar innar er á þessa leið:

Betula glandulosa er lágur runni undir tveim metrum að hæð, uppréttur en stundum jarðlægur á næðingssömum stöðum. Börkur sléttur, dökkbrúnn; sprotar með þéttum smáhnúðum og smáum harpíxhnúðum. Ungar greinar oft með öskugrári sliktu og fínt dúnhærðar, en dúnninn slitnar brátt af. Brumin eru um 3 mm á lengd, dökk, aðeins ílöng eða nærri hnöttótt; brumhlífarnar eru randhærðar. Blöðin eru venjulega undir 12-13 mm á lengd, en eru þó stundum stærri á þróttmiklum sprotum, breiðeggjaga eða nærri kringlótt, oddlaus, venjulega innskorin en stundum afrennd á mótum stíls og blöðku, slétt, dökkgræn að ofan en ljósgræn að neðan. Bláðstiklar rauðleitir um eða yfir 12 mm að lengd. Karlreklarnir venjulega einstakir við enda árssprotanna, sívalir, dökkbrúnir

um 12-13 mm á lengd að vetrarlagi, með þéttum, randhærðum hlífum. Kvenreklar fjölmargir á stuttum stilkum. Verða stundum 25 mm á lengd við fræþroskun, en eru venjulega nokkuru styttri, 3-6 mm gildir. Reklahlífar sléttar, þríklofnar í endann í næstum jafna samsíða flipa, sem eru oddlausir eða sljóyddir. Hnetan er ílöng, slétt, brún með litlum vængjum. Blómgast í júní-ágúst eftir hæð yfir sjó.

Ég hefi oft rekizt á birki hér á landi með harpíxhnúðum, en þeir eiga ekki að vera til á ilmbjörk eða fjalldrapa samkvæmt kenningum grasafræðinganna. Er varla öðru til að dreifa, en að hér sé annað hvort um bastarð að ræða milli ilmbjarkar og Mið-Evrópu-bjarkarinnar eða þá tegund, sem hér hefir verið lýst. Fullt eins sennilegt verður að telja harpíxhnúðabirkið okkar til þessarar ættar. Þó þarf ekki að vera loku fyrir það skotið, að um hvort tveggja geti verið að ræða.

Sé *Betula glandulosa* til hér á landi mun hún hafa komið hingað frá Grænlandi að öllum líkindum, og væri því líklegast að leita hennar um vestanvert landið. Lýsingin er tekin hér til þess, að þeir, sem áhuga hafa, geti reynt að heimfæra hana á birki, er þeir kunna að skoða. Væri kærkomið að fá send þurrkuð sýnishorn af öllum „kynlegum“ birkitrjám til skrifstofu skógræktarinnar hér í Reykjavík.

HEITI TRJÁA.

Nöfn trjátegunda hafa löngum verið mjög á reiki á Íslandi svo sem vonlegt er í skógsnauðu landi. Hér er til gamans settur upp stuttur listi yfir heiti ýmissa trjátegunda. Nöfnin eru bæði gömul og ný, en þau eru almennt notuð af þeim fáu mönnum, sem fást við skógrækt hér á landi. Dönsku og ensku heiti tegundanna eru tekin með og latnesku ættarheitin.

Lauftré:

<i>Latína:</i>	<i>Íslenska:</i>	<i>Danska:</i>	<i>Enska:</i>
Acer	Hlynur	Lön	Maple
Alnus	Ölur, elri	Æl	Alder
Betula	Björk, birki, svartviður	Birk	Birch
Crategus	Þynir	Tjörn	Hawthorn
Fagus	Bók, beyki	Bög	Beech
Fraxinus	Askur, eski	Ask	Ash
Quercus	Eik	Eg	Oak
Salix	Víðir	Pil	Willow
Sorbus	Reynir	Rön	Mountain ash
Ulmus	Álmur	Ælm	Elm

Barrtré:

<i>Latína:</i>	<i>Íslenska:</i>	<i>Danska:</i>	<i>Enska:</i>
Abies	Þinur	Ædelgran	Fir
Larix	Lörk, lerki	Lærk	Larch
Taxus	Ýviður	Taks	Yew
Juniperus	Einir	Enebær	Juniper
Picea	Grön, greni	Gran	Spruce
Pinus	Fura	Fyr	Pine
Tsuga	Þöll	Tsuga	Hemlock

HÁKON BJARNASON:

Starf skógræktar ríkisins 1944

Árið 1944 var kr. 268.00,00 varið til skógræktarframkvæmda af hálfu ríkisins. Var það öllu meiri fjárhæð en veitt hafði verið til framkvæmda árið 1943. Tekjur skógræktarinnar af sölu plantna, víðar o.fl. voru einnig hinar sömu og árið áður, eða um kr. 31.000,00. Því fé var einnig varið til framkvæmda.

FRIÐUNARSTARF.

Engar stórar girðingar voru settar upp á árinu. Orsök þess var aðallega sú, að meira kapp var lagt á önnur störf, svo sem rekstur gróðrarstöðvanna, og jarðakaup.

Í Vesturbotni í Patreksfirði var sett upp 1200 metra löng girðing um kjarri vaxin melbörð, og í Langabotni í Geirþjófsfirði var um 1000 metra löng girðing sett um skóglendi þar.

Í Álfthaneshreppi á Mýrum var sett upp 1100 metra löng girðing um skóglendi í samvinnu við ungmennafélag hreppsins.

Heimaland jarðarinnar Tumastaðir í Fljótshlíð, sem skógrækt ríkisins keypti vorið 1944, var allt girt mjög vandaðri girðingu, er var rúmir 2 km á lengd.

Á Þórsmörk var bætt við nýrri girðingu, um 2000 metrar á lengd, til þess að reyna að gera friðun Merkurinnar öruggari en verið hefir. Friðun Merkurinnar hefir und-

anfarin ár verið miklum vandkvæðum bundin, og þótt girðing þessi hafi verið sett upp í Hamraskógum, má búast við, að setja verði upp fleiri smágirðingar þar innfrá á næstu árum, til þess að auka öryggi friðunarinnar. Sumarið 1944 var oft farið á vöruflutningabíl alla leið inn í Húsadal, og létti það mjög mikið allan flutning á girðingarefni svo og manna þeirra, er þarna unnu.

Norður í Köldukinn voru bændur á Yztafelli, Hóli, Garðshorni og Hólkoti styrktir til þess að koma upp stórri girðingu um víðlent skóglendi, er liggur undir þessar jarðir. Innan þessarar girðingar munu vera yfir 100 hektarar skóglendis, en svæðið hefir ekki verið mælt ennþá.

Girðingarefni var lagt til 600 metra langrar girðingar á Hróarsstöðum í Fnjóskadal. Sá bær liggur andspænis Vaglaskógi, rétt við Fnjóská, og finnst þar urmull nýgræðings á hverju sumri í holtum og á melum. Hann hefir verið etinn af skepnum jafnharðan, og nú er ætlunin að vita, hversu honum reiðir af, ef friðunar nýtur.

JARÐAKAUP.

Tvær jarðir voru keyptar á árinu. Önnur var jörðin Þórðarstaðir í Fnjóskadal með Þórðarstaðaskógi, hin var jörðin Tumastaðir í Fljótshlíð. Kaupverð Þórðarstaða var kr. 25.000,00, en Tumastaða kr. 45.000,00. Skógurinn á Þórðarstöðum er bæði víðlendur og góður, en vegaleysi og erfiðar samgöngur valda því, að erfitt er að hagnýta sér við þann, sem fellur við grisjun. Á jörðinni er snoturt en lítið íbúðarhús. Önnur hús eru ekki til frambúðar og þarf að endurreisa þau. Tún er lítið og vatnsból mjög slæmt. Eigendur jarðarinnar voru afkomendur Jónatans Þorlákssonar, er bjó þar á öldinni sem leið og lét sér mjög annnt um skóginn. Er óhætt að fullyrða, að hefði Jónatan eigi látið sér svo annnt um skóginn, er sennilegt að skógurinn væri nú aðeins kjarr eitt, í stað þess, að hann mun vera fegurstur og bestur ófriðaðra skóga. Eig-

endur seldu og skóginn með því skilyrði, að hann yrði girtur og friðaður strax og kostur væri.

Jörðin Tumastaðir var keypt til þess að komið yrði þar á fót stórri gróðrarstöð fyrir trjáplöntur. Lega landsins undir slíka stöð er svo góð, að erfitt mun að finna annan jafn góðan stað til uppeldis trjáplantna. Þar er mjög skjólsælt, landið er slétt, og hallar því lítið eitt til suðurs og vesturs. Húsakostur jarðarinnar er fremur lítill og ófullnægjandi.

GRÓÐRARSTÖÐVAR.

Stöðvarnar voru ekki stækkaðar neitt á árinu, en á Vöglum var hafizt handa um að lagfæra elzta reitinn og koma honum í það horf, sem hann á að vera í framvegis. Á Hallormsstað var í fyrsta sinni gróðursett í 1500 ferm svæði, sem undirbúið hafði verið árið áður.

Eftirtaldar plöntur voru afhentar úr stöðvunum:

	Múlakot	Hallormsst.	Vagfir	Hreðav.	Alls
Birki	1.000	11.108	7.214	1.500	20.822
Reynir	2.365	2.579	2.691	„	7.635
Gráreynir	900	„	„	„	900
Þingvíðir	825	„	40	„	865
Fagurvíðir	743	„	80	„	823
Vesturb. víðir ..	57	„	„	„	57
Gulvíðir	„	3.492	3.400	„	6.892
Ribs	255	1.583	323	„	2.161
Sólber	151	„	„	„	151
Sitkagreni	1.090	„	„	„	1.090
Skógarfura	1.085	„	„	„	1.085
Aðrar plöntur	412	25	„	„	437
	8.883	18.787	13.748	1.500	42.918

Fræi var sáð í stöðvunum eins og hér segir:

Múlakot:	Birkifræ	í	70 ferm,	7 kg
	Reynifræ	í	100 ferm,	50 -

Vaglir:	Birkifræ - 192	-	15 -
Hallormsstaður:	Birkifræi -112	-	14 -
	Reynifræ - 10	-	6,5 -
Hreðavatn:	Birkifræ - 100	-	

Græðlingar voru settir af ribsí, ýmsum víðitegundum, sólberjum og hegg.

Birkifræið spíraði ágætlega á Vöglum, en í góðu meðallagi á Hallormsstað og í Múlakoti. Græðlingar lifnuðu mjög dræmt, sennilega bæði sakir þess, að sumir þeirra höfðu dáið eða kalið haustið 1943, en einnig af því, hve vorið var þurrviðrasamt.

Engu erlendu fræi var sáð í stöðvunum, af því að lítil fræsending. sem koma átti frá Alaska, barst ekki hingað fyrir en um mitt sumar. Hins vegar voru send hingað nokkur rótaskot af aspartegund frá Seward í Alaska, og voru þau sett niður í Múlakoti. Döfnuðu þær plöntur vel í fyrra. Tegundin heitir *Populus trichocarpa*, var. *hastata*, Henry. en henni hefir ekki verið valið íslenzkt heiti ennþá. Fyrst verður að fá úr því skorið, hvort hún dafnar vel.

Dreifplöntun í stöðvunum var þannig:

	Múlakot	Hallormsst.	Vaglir	Hreðav.	Alls
Birki	1.500	60.000	65.000	3.000	129.500
Reynir	9.000	8.000	4.000	1.000	22.000
Ribs	„	2.270	300	„	2.570
Alaskaeppli	200	„	„	„	200
Sitkagreni	2.000	400	„	„	200
Fjallaþinur	„	1.300	„	„	1.300
	12.700	71.970	69.300	4.000	157.970

Plöntur þær, sem komu úr reitunum þetta ár, voru bæði langtum færri en átt hefði að vera miðað við dreifplöntun ársins 1942 og einnig langtum lélegri og vanþroskaðri en vant er. Orsökina er fyrst og fremst hin mikla ótíð sumurin 1942 og 1943. Á Vöglum eyðilögð-

ust einnig nokkurar þúsundir birkiplantna af því, að rjúpur höfðu toppstýft þær í beðunum. Hafa rjúpur valdið miklum spjöllum í gróðrarstöðvunum á Vöglum og Hallormsstað undanfarin tvö ár, og yfirleitt valda þær langtum meiri spjöllum á birkigróðri heldur en menn renna grun í.

Á Tumastöðum var unnið mikið að undirbúningi væntanlegrar gróðrarstöðvar. Byrjað var að ræsa fram landið og grafnir voru um 750 lengdarmetrar af djúpum aðalskurðum og 1200 metrar lokræsa. Dýpt aðalskurða er 2,00 metrar, breidd að ofan 2,20 metrar, en botnsbreidd 0,40 metrar. Kostnaður við gröftinn nam um kr. 6.30 á teningsmeter, og þóttu það góð afköst. Nokkur stuðningur var af því að veita vatni í skurðina og láta það bera uppgröftinn með sér. Ókleift reyndist að fá skurðgröfur á þessum slóðum, en þær unnu á ýmsum stöðum um landið sl. sumar. Kostnaðurinn við vinnu þeirra var oftast milli ein og tvær krónur á tenm, og af því sést, hvílíkur reginmunur er á því, að hafa góð verkfæri.

VIÐARHÖGG.

Á Vöglum og í nærliggjandi skógum voru höggvin 85 tonn viðar, á Hallormsstað 80 tonn og í Jafnaskarðsskógi 5 tonn. Þar af fóru 119 tonn í eldivið og reykingavið. Til kolagerðar voru notuð 10,5 tonn og 10,3 tonn voru seld til smíða. Girðingarstaurar urðu 2950 talsins, en girðingarrengrur 5080.

GRÓÐURSETNING OG LANDGRÆÐSLA.

Á Tumastöðum voru sett um 800 sitkagreni í brekkuna fyrir norðan og austan bæinn. Fór þeim vel fram um sumarið. Í Skagafirði var birkifræi sáð víða, m.a. við Varmahlíð, Reynisstað, Helluland, Hóla í Hjaltadal og Litlu-Hlíð. Um 10 kg. birkifræs var sáð í stöðinni við Rauðavatn í Mosfellssveit. Þar mun hafa verið sáð birki-



H. B.

Sitkagreni í gróðrarstöðinni í Múlakoti. Tréð var gróðursett 1937 og var þá um 60 cm á hæð. Myndin tekin 1944, er tréð var 3,5 metrar.

fræi í norðaustur horn girðingarinnar skömmu fyrir 1930, og hefir sú sáning tekizt vonum framar

Dálítið var unnið að framræslu á Hallormsstað eins og undanfarin ár. Verið er að ræsa fram mýrarnar í skóginum, til þess að bæta lífsskilyrði birki nýgræðingsins, sem er í tugþúsundatali um allar mýrar, en getur ekki vaxið úr grasi vegna of mikillar vætu. Framræslan á þessum slóðum virðist muni gefa góða raun.

BYGGINGAR.

Lítið var unnið að húsabótum eins og undanfarin ár. Lokið var við verkamannabústaðinn við gróðrarstöðina á Vöglum. Hann er allvönduð bygging með tveim svefnklefum og eldhúsi. Stærðin er 4,5×5,0 metrar.

Íbúðarhúsið í Skarfanesi var rifið, því að enginn vildi setjast þar að, en húsið hefði eyðilagzt við að standa mannlaust. Var brakið úr því flutt að Tumastöðum, og verður notað til bygginga þar.

Miðstöðvar voru settar í íbúðarhúsin á Vöglum og Skriðufelli.

FERÐALÖG.

Skógarvörðurinn á Vesturlandi fór í eftirlitsferð um Dalasýslu í september. Ennfremur fór hann nokkuð um Snæfellsnes og vestur til Arnarfjarðar og Patreksfjarðar. Var hann 120 daga fjarvistum að heiman sakir starfs síns.

Skógarvörðurinn á Norðurlandi fór ýmsar ferðir um Þingeyjarsýslur fyrri hluta árs. Ennfremur fór hann til þess, að leiðbeina í birkifræssáningu víðs vegar um Skagafjörð og einnig norður í Svarfaðardal. Ferðadagar hans voru röskir 100.

Skógarvörðurinn á Austurlandi fór engar eftirlitsferðir þetta ár, enda hefir hann nýlokið yfirferð um hérað sitt.

Skógarvörðurinn á Suðurlandi hafði eftirlit með Þórsmörk og öðrum girðingum á Suðurlandi. Aðalstarf hans

var við störf þau, sem unnin voru á Tumastöðum og við gróðrarstöðina í Múlakoti.

Skógræktarstjóri ferðaðist um til eftirlits víðs vegar um land. Ferðadagar voru 125.

Í október komu skógarverðir saman á fund í Reykjavík, til þess að ræða við skógræktarstjóra um ýmsar framkvæmdir næsta árs, og var þar gerð starfsáætlun ársins 1945.

STARFSMANNASKIPTI.

Hinn 1. júní lét Einar E. Sæmundsen af skógarvarðarstörfum eftir 36 ára starf, sem hann vann með trúmennsku og óbilandi áhuga, jafnan við hin lélegustu kjör. Garðar Jónsson, Selfossi, var skipaður skógarvörður sama dag.

REKSTURSRÉKKNINGUR			
1. júní til 30. desember 1944			
GULL			
Skóglendi:			
Skógvæðing	kr.	6351,15	
Gróðrarstöðvar	—	10442,79	
Íshöfnar		2312,43	
Byggingar	—	1414,12	
Sátur og lundkerur	—	371,28	
Önnur og óráðg. kostnaður	—	528,15	
			kr. 19574,44
Fæðing 1/1/44	kr.	5006,25	
Kostnaður plánnar	—	8192,87	
		kr. 5006,25	
+ Fæðing 1/1/44	—	5006,25	
			kr. 8192,87
Vafæðing 1/1/44	kr.	2100,00	
Vafæðing		1585,51	
		kr. 1718,49	
Vafæðing 1/1/44		1718,49	
			kr. 10000,00
Hilmsvæðing 1/1/44			10000,00
Fæðing 1/1/44			3388,58
Fæðing 1/1/44			4000,00

Skilubókakostnaður	kr.	10328,25
Perfakostnaður	—	22888,07
Gagnaupplás		1258,12
Kvikmyndakostnaður	—	221,83
Vinnu gjöld		11500,95
Þynging í hlífðum	kr.	8544,84
Hlífðum		1375,00
— — þrífingum	—	14079,84
		29448,33
Í upptöku A og B	—	2550,00
Laua Gæðna Jarðanna	—	2088,60
Húsnæðingur Einar E. Samundson	—	212,30
Laua Skógrekjavæðing og Skógrekjavæðingur í hlífð- húsi		
Húsnæðing	kr.	11000,00
Aukagjöld	—	2890,00
Væðingur	—	11000,00
Bætur	—	2000,00
	—	25000,00
	kr.	288973,92
Stærkt til Skógrekjavæðinga		20000,00
	kr.	308973,92

Tæðingur

Skógrekjavæðing	kr.	288973,92
Skógrekjavæðing	—	20000,00
Aðrar útgjafir: landgjöld, skógrekjavæðing	—	1778,00
	kr.	308973,92
Séðar gjöld	—	20000,00
Séðar gjöld	—	20000,00
Bætur	—	20000,00
Hagnaður á öllu hlífð. R. 1958		20000,00
Forslag til rekstrarskógrekjavæðinga:		
Skógrekjavæðing	kr.	288973,92
Laua	—	20000,00
		308973,92
	kr.	308973,92
Stærkt til skógrekjavæðinga	—	20000,00
	kr.	328973,92

EFTIRLÖGSGREIKNINGUR

Þr. 2. jan. 1945

Fígurir:

Skuldasamtur	Kr. 7074.70
Gæfingavefni	— 1937.53
Þur	— 24.90.00
Alupfur	— 1774.00
Véfur	— 1000.00
Alupfur	— 2000.00
Alupfur	— 2000.00
Gæfingur	— 117900.00
Ísbergur og hús (fr.)	— 11800.00

Kr. 200780.00

Skuldir:

Lánvefningur	Kr. 2000.00
Reikningabúnað H. B.	— 2000.00
Bæturfréttir, lánvefningur	— 1000.00
Ísbergur og hús (fr.)	— 2000.00
Kaupvefningur 1. jan. 1945	Kr. 2000.00
Fræðingur 1945	Kr. 2000.00
Alupfurvefningur	— 2000.00
Gæfingur	— 2000.00

Kr. 2000.00

Til skuldasamtalaga .. — 2000.00

Kr. 2000.00

Minn og lánvefningur	Kr. 2000.00
Alupfurvefningur	— 2000.00
Reikningabúnað	— 2000.00
Nýlupfur	— 2000.00
Ísbergur	— 2000.00

Kr. 2000.00

Fræðingur 1945	Kr. 2000.00
Alupfurvefningur	— 2000.00
Reikningabúnað	— 2000.00
Alupfurvefningur	— 2000.00

Kr. 2000.00

Starf Skógræktarfélags Íslands 1944

Starf félagsins á síðastliðnu ári snerist að allverulegu leyti um stofnun Landgræðslusjóðs, fjársöfnun til hans bæði í Reykjavík og víðs vegar um landið, svo og undirbúning að skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

Hugmyndin um stofnun Landgræðslusjóðs kom fram í apríl og fékk þegar ágætar undirtektir hjá stjórn Skógræktarfélagsins. Undirbúningstími var naumur, en hafizt var handa þegar í stað.

Skipulagning og framkvæmd fjársöfnunarinnar var allmikið starf, sem margir tóku þátt í, en forustuna um framkvæmdir hafði Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri.

Stjórnarfundir voru haldnir 19 á árinu, og á öllum fundunum nema þrem var Landgræðslusjóður til umræðu, en á nokkurum þessara funda voru einnig önnur mál á dagskrá.

Skólustjóra kennaraskólans var í marz boðið á stjórnarfund til viðræðna um möguleika á því, að koma á kennslu í meðferð trjáplantna og fræsáningu við kennaraskólann, samkvæmt tillögu aðalfundar Skógræktarfélags Íslands og þingsályktun Alþingis 1943.

Skólustjórinn, Freysteinn Gunnarsson, var þessu mjög hlynntur, og varð það að samkomulagi, að skógræktarstjóri hæfi leiðbeiningar um þessi mál eins fljótt og ástæður leyfði. Hóf hann að flytja erindi um skógrækt í 3. bekk kennaraskólans í apríl þess árs, og verður slík kennsla væntanlega veitt á hverju ári framvegis.

Á árinu var einnig ákveðið að reyna að fjölga félögum til muna. Í þessu skyni voru gerð söfnunargögn í 8000 eintökum og send ýmsum mönnum í Reykjavík og Hafnarfirði. Í árslok höfðu verið send um 5000 bréf með þeim árangri, að rúmlega 500 nýir félagar hafa bætzt við, svo að vænta má, að félögum fjölgi um allt að 1000, þegar lokið er útsendingu allra bréfanna.

Félaginu er vitanlega mikill styrkur að því, að félögunum fjölgi sem mest, en það þótti hlýða, að hvetja nú Reykvíkinga og Hafnfirðinga, til þess að styrkja félagið með sem almennastri þátttöku, einkum vegna framkvæmdanna í Fossvogi, sem hafa aukizt til muna árin 1943 og 1944, og hafa krafizt stóraukinna fjárframlaga.

Friðun Heiðmerkur hefir þokazt lítið eitt í áttina. Í júní gengu á Heiðmörk tveir úr stjórn Skógræktarfélagsins ásamt skógræktarstjóra og eins af verkfræðingum Reykjavíkurbæjar. Ákváðu þeir í stórum dráttum fyrirhugað girðingarstæði, og 29. júní var bæjarstjórn Reykjavíkur tilkynnt í bréfi um afhendingu efnis þess, sem Skógræktarfélagið hafði aflað til girðingarinnar. Voru það 225 rúllur gaddavírs og 1660 staurar. Verðmæti þessa efnis er kr. 32.500.00.

Í október samþykkti bæjarráð að verja allt að 5000.00 kr. til kaupa á staurum til viðbótar, eftir tilvísun skógræktarstjóra.

Má nú telja líklegt að hafizt verði handa um friðun Heiðmerkur.

Aðalfundur Skógræktarfélagsins, sem venjulega er á haustin, var að þessu sinni frestað fram yfir áramót. Olli þeim drætti, að stjórninni var kunnugt um að Landsnefnd lýðveldiskosninganna ráðgerði að leggja Landgræðslusjóði fé það, sem hún hefði afgangs, er greiddur væri allur kostnaður af starfi hennar. En þar sem skipulagsskrá Landgræðslusjóðs var helzta mál aðalfundarins, þótti æskilegast að fresta fundinum þar til féð kæmi frá Landsnefndinni.

Þessi héraðsskógræktarfélög hafa verið stofnuð á árinu:
 Skógræktarfélag Mýrdælinga.
 Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga.
 Skógræktarfélagið Mörk, Vestur-Skaftafellssýslu.

Á árinu létust þessir félagar:
 Guðmundur Agnarsson, trésmiður.
 Guðm. Finnbogason, dr. phil., fyrrv. landsbókavörður.
 Gunnlaugur Einarsson, læknir.
 Hannes Thorarensen, forstj.
 Haraldur Hermannsson, Vífilsstöðum.
 Jón Magnússon, skáld.
 Pétur Ingimundarson, slökkviliðsstjóri.
 Sæbjörn Magnússon, héraðslæknir.

Tala nýrra félaga er 568 og eru félagar þá 1550, þar af 96 æfifélagar, en þegar félagar héraðsskógræktarfélaganna eru taldir með eru um 4000 félagar innan vébanda Skógræktarfélags Íslands.

Þar sem aukning félaga hefir orðið mjög mikil á árinu og rúm ritsins er takmarkað, verða nöfn nýju félaganna ekki prentuð í þessu riti, sem venja er til, heldur látin bíða þess að öll félagaskráin verði gefin út.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Reykjavík, 11. marz 1945.

Fer hér á eftir útdráttur úr fundargerðinni. Formaður, Valtýr Stefánsson, setti fund og bauð fundargesti velkomna. Hann stjórnaði fundinum, en fundarritari var H. J. Hólmjárn.

Þetta gerðist á fundinum meðal annars:

1. Formaður skýrði dagskrána.
2. Framkvæmdastjóri félagsins, Hákon Bjarnason, skýrði frá störfum félagsins árin 1943 og 1944.
3. Reikningar félagsins árið 1943 voru lesnir og samþykktir samhljóða.

4. Stjórnarkosning: Úr aðalstjórn gekk Guðbrandur Magnússon. Var hann endurkosinn til næstu 6 ára. Í varastjórn voru kosnir Pálmi Einarsson og Árni Friðriksson.

Aðalstjórn félagsins skipa nú:

Guðbrandur Magnússon til ársins 1950.

Ingvar Gunnarsson - - 1948.

H. J. Hólmjárn - - 1948.

Valtýr Stefánsson - - 1946.

Guðmundur Marteinnsson - - 1946.

Varastjórn :

Pálmi Einarsson - - 1950.

Árni Friðriksson - - 1948.

Helgi Tómasson - - 1946.

Sveinbjörn Jónsson - - 1946.

Endurskoðendur:

Gunnar Árnason og Halldór Sigfússon .

5. Hákon Bjarnason skýrði frá Landgræðslusjóði. Vísast til greinar hans um það efni í þessu riti.

6. Framtíðarskipulag félagsins. Hákon Bjarnason hóf umræður. Gat þess, að eftir því sem héraðsfélögum fjölgaði yrði erfiðara um að ná til allra félagsmanna. Hefði því komið fram raddir um að breyta skipulagi félagsins. Benti hann á ýmsar leiðir í því sambandi.

Svohljóðandi tillaga kom fram frá þeim: Einari G. E. Sæmundsen, Daníel Kristjánssyni og Einari J. Reynis:

Fundurinn kýs 5 manna nefnd, er athugi framtíðarskipulag og stefnur í málum skógræktarfélaganna, og geri tillögur þar um, sem leggist fyrir næsta aðalfund. Nefndin skýri stjórnnum allra skógræktarfélaganna frá tillögum sínum; leiti álits þeirra og taki til athugunar tillögur, sem þeim berast.

Greinargerð : Með því að Skógræktarfélag Íslands er viðurkenndur aðili hins opinbera gagnvart öðrum skóg-

ræktarfélögum landsins, teljum við rétt, að gerðar verði breytingar á lögum félagsins, einkum varðandi ákvæðin um stjórnarkosninguna, þannig að áhrifa héraðsfélaganna megi gæta við hana. Teljum við mjög æskilegt, að fulltrúar frá öllum skógræktarfélögunum gæti setið sameiginlega fundi, þar sem öll aðalmál félaganna væri rædd og til lykta leidd.

Eftir nokkurar umræður var tillagan samþ. og þessir kjörnir í nefndina: Dr. med. Helgi Tómasson, Hermann Jónasson, alþm., Jón Pálmason, alþm., Ingvar Gunnarsson, kennari, og Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri.

7. Svohljóðandi tillaga borin fram af Hákon Bjarnasyni:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn 11. marz 1945 í Reykjavík skorar hér með á bæjarstjórn Reykjavíkur að hefjast handa um friðun Heiðmerkur þegar á næsta vori.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Formaður, Valtýr Stefánsson, vakti máls á því, að áhugi manna á skógræktarmálum færi mjög vaxandi og að tilmælum eða kröfum um styrki til framkvæmda fjölgaði með hverju ári; en samanborið við þúsund ára afturför í skógargróðri landsins, hefði skógræktin alltof litlu fengið áorkað þau 45 ár, sem að henni hefir verið unnið. Bar hann síðan fram eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn 11. marz 1945 beinir þeirri eindregnu áskorun til fjárveitingarvaldsins, að framlög til skógræktar verði hækkað svo, að framkvæmdir geti orðið meiri næstu ár en þær hafa orðið á meðan framlögin hafa aðeins hækkað, að sama skapi sem verðlag á vinnu og efni.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Fundarmenn gátu ekki komið sér saman um frumvarp það að skipulagsskrá Landgræðslusjóðs, sem stjórn félagsins hafði lagt fyrir fundinn. Samkvæmt tillögu H. J. Hólmjárns var ákveðið að halda framhalds-aðalfund

